# Ársskýrsla Akureyrarbæjar



2000

**Útgefandi:**
Akureyrarbær 2001

**Umsjón og prófarkalestur:**
Fremri kynningarþjónusta

**Hönnun, umbrot, prentun og bókband:**
Ásprent/POB ehf.

## Akureyri - bærinn okkar

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr bókinni *Akureyri – bærinn okkar* sem Áhugaljósmyndaraklúbbur Akureyrar gaf út í árslok 2000. Eru allar myndirnar teknar á því ári. Þeir sem eiga myndir í bókinni eru: Anton Brink Hansen, Árni Ólafsson, Berglind H. Helgadóttir, Bjarni Eiríksson, Björgvin Steindórsson, Björn Gíslason, Brynjólfur Brynjólfsson, Hörður Geirsson, Magnús Árnason, Sigurður Baldursson, Sigurgeir Haraldsson, Skúli Árnason og Þórhallur Jónsson.

# Efnisyfirlit

**Ávarp bæjarstjóra** . . . . . 5
**Yfirstjórn bæjarins** . . . . . 6
Bæjarstjórn og bæjarráð . . . . . 6
Stjórnskipulag og samþykktir . . . . . 6
Samvinna og sameining sveitafélaga . . . . . 6
Heimsóknir og samskipti . . . . . 6
**Þjónustusvið** . . . . . 7
Þjónustuanddyri . . . . . 7
Tölvumál . . . . . 7
Starfsmannamál . . . . . 8
Fræðslumál . . . . . 8
Jafnréttismál . . . . . 8
Menntasmiðjan á Akureyri . . . . . 9
**Fjármálasvið** . . . . . 10
Fjárhagsáætlun . . . . . 10
Húsnæðisdeild . . . . . 10
**Félagssvið** . . . . . 12
Fjölskyldudeild . . . . . 13
Dagþjónusta fatlaðra . . . . . 14
Heilsugæslustöð . . . . . 14
Menningarmál . . . . . 15
Amtsbókasafnið á Akureyri . . . . . 16
Héraðsskjalasafnið á Akureyri . . . . . 17
Hús skáldsins: Sigurhæðir - Davíðshús . . . . . 17
Listasafnið á Akureyri . . . . . 18
Minjasafnið á Akureyri . . . . . 19
Búsetu- og öldrunardeild . . . . . 20
Öldrunarstofnanir . . . . . 20
Heimaþjónusta . . . . . 21
Heimahjúkrun . . . . . 22
Búsetuþjónusta við fatlaða . . . . . 22
Skammtímavistun og sumardvöl . . . . . 22
Skóladeild . . . . . 22
Brekkuskóli . . . . . 23
Bröttuhlíðarskóli . . . . . 24
Giljaskóli . . . . . 24
Glerárskóli . . . . . 24
Lundarskóli . . . . . 25
Oddeyrarskóli . . . . . 25

Síðuskóli ........ 26
Tónlistarskólinn á Akureyri ........ 26
Leikskólar ........ 27
Gæsluvellir - dagmæður ........ 28
Íþrótta- og tómstundaráð Akureyrar ........ 29
Íþróttahöllin ........ 29
Akureyrarvöllur ........ 29
Íþróttamiðstöð Glerárskóla ........ 29
Sundlaug Akureyrar ........ 30
Íþróttahúsið við Laugargötu ........ 30
Íþróttaskemman ........ 30
Skíðastaðir ........ 30
Tómstundastarf í skólum ........ 30
Kompaníið ........ 31
Tómstundastarf aldraðra ........ 31
Punkturinn ........ 31
**Tækni- og umhverfissvið** ........ 32
Framkvæmdadeild ........ 32
Götur, holræsi og hreinlætismál ........ 32
Umhverfismál, garðar og opin svæði ........ 33
Byggingaframkvæmdir ........ 34
Bifreiðastæðasjóður ........ 35
Slökkvilið Akureyrar ........ 35
Strætisvagnar Akureyrar og ferliþjónusta ........ 35
Umhverfisdeild ........ 36
Aðalskipulag ........ 36
Deiliskipulag ........ 36
Umferðarmál ........ 36
Byggingaeftirlit ........ 36
**Norðurorka** ........ 38
Sameining ........ 38
Heitavatnsöflun ........ 39
Framkvæmdir við dreifikerfi ........ 39
Eignarhaldsfélagið Rangárvellir ........ 40
**Atvinnumálanefnd** ........ 41
Stefnumótun í atvinnumálum ........ 41
Staða forgangsverkefna ........ 41
Forgangsverkefni árið 2000 ........ 42
**Ársreikningar Akureyrarbæjar** ........ 43
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra ........ 44
Áritun endurskoðenda ........ 45
Reikningar og skýringar ........ 46
**Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnum** ........ 62

# Fylgt úr hlaði

Ársskýrsla Akureyrarbæjar fyrir árið 2000 dregur ágætlega fram hve staða bæjarfélagsins okkar er sterk að flestu leyti. Líkast til sinnir ekkert íslenskt sveitarfélag - og þótt víðar væri leitað - jafn fjölbreyttum verkefnum og Akureyrarbær. Að sjálfsögðu á þetta einkum rætur að rekja til þeirra reynsluverkefna sem Akureyringar hafa með höndum en þetta stafar einnig af því að bæjarfélagið gegnir hlutverki höfuðborgar hins bjarta norðurs.

Þrátt fyrir margvísleg verkefni, e.t.v. mætti einnig segja vegna þeirra, er sífellt verið að leita leiða til þess að sinna verkefnum bæjarfélagsins betur í dag en í gær. Að sjálfsögðu gengur það misjafnlega vel en alltaf miðar þó í rétta átt. Árið 2000 var Akureyrarbæ afar hagstætt að flestu leyti. Íbúum fjölgaði verulega í fyrsta sinn í tíu ár - eða um 253 einstaklinga, skatttekjur bæjarsjóðsins jukust töluvert umfram verðlagsbreytingar meðan rekstrarkostnaður jókst óverulega. Jafnhliða stóð bæjarfélagið í miklum fjárfestingum til að bæta grunnþjónustu sveitarfélagsins og nægir í þeim efnum að nefna byggingu leik- og grunnskóla, byggingu íþróttamannvirkja auk fjárfestinga í öðrum málaflokkum. Sterk staða Akureyrarbæjar á sviði fræðslu-, menningar- og tómstundamála eru þeir þættir í samfélagsgerðinni hér í bæ sem eru grunnurinn að því að skapa okkur sóknarfæri fyrir enn öflugri uppbyggingu á komandi árum.

Stundum láta menn svo að þetta geti gerst af sjálfu sér, við eigum einfaldlega að bíða og vona að mál muni snúast okkur í hag. Álit mitt er að þannig gerist hlutirnir ekki. Þær aðstæður þurfa að vera fyrir hendi í bæjarfélaginu að sá kraftur og sköpunarmáttur sem alla jafnan býr í sérhverju samfélagi manna fái notið sín. Það þarf því annað veifið að taka til hendinni og leggja töluvert af mörkum til að búa einstaklingum og atvinnulífi þau skilyrði sem duga til að snúa við óæskilegri þróun í samfélaginu. Með þeim hætti eigum við möguleika á að leggja okkar lóð á vogarskálina til þess að samfélagið, í okkar tilfelli Akureyrarbær, sé ekki aðeins samkeppnisfært bæjarfélag heldur skari fram úr. Þess vegna hefur verið unnið ötullega að því að bæta grunnþjónustu samfélagsins þannig að hún verði til fyrirmyndar. Við það verk hefur verið reynt að horfa til lengri tíma en nokkurra nátta og ég er sannfærður um að þetta verklag hefur átt sinn þátt í því að virkja þann sköpunarmátt, bjartsýni og kraft sem býr með bæjarbúum.



*Kristján Þór Júlíusson*





# Yfirstjórn bæjarins

## Bæjarstjórn og bæjarráð

21 bæjarstjórnarfundur var haldinn á árinu og 45 fundir voru í bæjarráði. Á aðalfundi bæjarstjórnar í júni var Sigurður J. Sigurðsson endurkjörinn forseti bæjarstjórnar. Á fundinum var einnig kjörið nýtt bæjarráð. Ásgeir Magnússon var endurkjörinn formaður ráðsins.

Engar breytingar urðu á skipan bæjarstjórnar á árinu.

## Stjórnskipulag og samþykktir

Ný samþykkt um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar tók gildi í febrúar eftir staðfestingu Félagsmálaráðuneytisins.

Áfram var unnið að breytingum á stjórnskipulagi bæjarkerfisins. Tækni- og umhverfissvið var endurskipulagt. Sviðinu er nú skipt í tvær megindeildir, framkvæmdadeild og umhverfisdeild. Einnig voru samþykktar breytingar á nefndaskipan á sviðinu. Eldri nefndir voru leystar frá störfum á aðalfundi bæjarstjórnar, en þrjár nýjar nefndir kosnar: framkvæmdaráð, náttúruverndarnefnd og umhverfisnefnd, sem fer m.a. með mál sem áður voru falin bygginganefnd og skipulagsnefnd. Miklar breytingar urðu í hópi stjórnenda og starfsmanna á sviðinu. M.a. létu bæjarverkfræðingur, byggingafulltrúi og skipulagsstjóri af störfum. Ármann Jóhannesson var ráðinn í starf bæjarverkfræðings, sem er æðsti stjórnandi sviðsins.

Unnið var að endurskipulagningu húsnæðismála með það að markmiði að stofna sérstakt fasteignafélag, sem hafa á umsjón með öllum húseignum Akureyrarbæjar.

Áfram var unnið að því að þróa vinnu við fjárhags- og starfsáætlanagerð. Vinnu við þessa áætlanagerð er nú dreift yfir allt árið.

Hákon Stefánsson var ráðinn í starf bæjarlögmanns í stað Baldurs Dýrfjörðs sem lét af því starfi í lok ársins 1999.

## Samvinna og sameining sveitarfélaga

Mörg verkefni eru unnin í samvinnu við önnur sveitarfélög. Má þar nefna þátttöku í Eyþingi, Héraðsnefnd Eyjafjarðar, byggðasamlögum eins og Hafnasamlagi Norðurlands og Sorpeyðingu Eyjafjarðar. Auk þess eru sérstakir samningar um afmörkuð verkefni, þar sem Akureyrarbær sér t.d. um þjónustu sem önnur sveitarfélög eiga aðgang að.

Á árinu var að störfum samstarfsnefnd vegna sameiningar sveitarfélaga í Eyjafirði. Níu sveitarfélög höfðu samþykkt að taka þátt í þessu starfi og skipa fulltrúa í nefndina. Nefndin óskaði á vormánuðum eftir afstöðu sveitarfélaganna til þess að unnið yrði að tillögu um sameiningu í eitt sveitarfélag. Svör frá sumum sveitarfélögum bárust ekki fyrr en seint á árinu. Samkvæmt þeim var ljóst að tillaga um sameiningu nyti á þessu stigi ekki trausts í öllum sveitarfélögunum. Málinu var ekki lokið með formlegum hætti fyrir árslok.

## Heimsóknir og samskipti

Á hverju ári heimsækir bæjarfélagið fjöldi góðra gesta, innlendra og erlendra. Svo var einnig á þessu ári. Fjöldi félaga og félagasamtaka heldur hér fundi og ráðstefnur. Fulltrúar erlendra ríkja og annarra bæjarfélaga á Íslandi koma í heimsókn og til viðræðna við fulltrúa Akureyrarbæjar.

Í september heimsóttu bæinn forsetar Finnlands og Íslands þau Tarja Halonen og Ólafur Ragnar Grímsson, ásamt föruneyti. Heimsóknin var hluti af fyrstu opinberu heimsókn Finnlandsforseta.



Fulltrúar Akueyrarbæjar tóku einnig þátt í ýmsum erlendur samskiptum á árinu. Bæjarstjóri og sviðsstjóri félagssviðs sóttu vinabæjarmót í Västeås. Forseti bæjarstjórnar sótti heim vinabæinn Narsaq á Grænlandi og tveir bæjarfulltrúar heimsóttu Gimli í Kanada. Eftir þessar heimsóknir voru lagðar fram tillögur um frekara samstarf við þessa vinabæi. Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs fóru til Færeyja og Grænlands. Heimsóknin var liður í að styrkja Vest-Norden samvinnuverkefni. Tveir bæjarfulltrúar og sviðsstjóri þjónustusviðs tóku þátt í norrænu sveitarstjórnaþingi sem að þessu sinni var haldið í Horsens í Danmörku.

# Þjónustusvið

Fjöldi starfsmanna á þjónustusviði var svipaður og árið á undan. Þó varð sú breyting að ákveðið var að bjóða starfsemi tölvudeildarinnar út þegar starfsmenn hennar hurfu til annarra starfa.

Á árinu var unnið samkvæmt starfsáætlun sviðsins og einstakra eininga og deilda. Starfsmannasamtöl voru tekin upp á sviðinu í samræmi við starfsmannastefnu bæjarins.

## Þjónustuanddyri

Þjónustuanddyri Akureyrarbæjar er í ráðhúsinu, Geislagötu 9. Það hefur verið starfandi frá hausti 1999, var í fyrstu nefnt upplýsingaanddyri en nafninu var breytt til að lýsa starfseminni betur. Hlutverk þess er að veita bæjarbúum og starfsfólki bæjarins betri aðang að málum deilda og stofnana hjá Akureyrabæ og auðvelda samskipti og upplýsingagjöf innan og utan bæjarkerfisins. Eitt af meginmarkmiðunum er að veita bæjarbúum, starfsmönnum og gestum bæjarins sem erindi eiga við bæjarkerfið sem mesta þjónustu á einum stað og að allir sem leita eftir upplýsingum eða annarri aðstoð í þjónustuanddyri fái einhverja úrlausn mála.

Í anddyrinu vinna fjórir þjónustufulltrúar en þjónustan felst í megindráttum í símsvörun, íbúaskráningu og almennri upplýsingagjöf. Jafnframt taka þjónustufulltrúar á móti ýmsum erindum og umsóknum sem berast til bæjarstofnana og deilda. Í anddyrinu er auðvelt að nálgast ýmis eyðublöð og upplýsingabæklinga sem tengjast deildum og stofnunum bæjarins og þar er m.a. hægt að sækja um laus störf, byggingalóðir, leikskólapláss og húsnæðisaðstoð.

## Tölvumál

Snemma á árinu lá fyrir úttekt á stöðu tölvumála hjá Akureyrarbæ. Í framhaldi af skýrslunni var myndaður vinnuhópur starfsmanna sem skilaði áliti í maí þar sem lagt var til að víðnetþjónusta og nettengingar stofnana við bæjarskrifstofurnar yrðu boðnar út svo og rekstur og umsjón netþjóna og netkerfa. Notendaþjónusta skyldi hins vegar ekki boðin út að sinni. Ríkiskaup voru fengin til að aðstoða við útboðið sem fór fram á þeirra vegum. Útboðsfrestur rann út í byrjun september og höfðu þá borist nokkur tilboð í hvorn verkþátt. Gengið var til samninga við Nett ehf. sem tók við þjónustunni 1. október. Jafnframt samningum um víðnetþjónustu og netrekstur var samið við Nett ehf. um að sjá um svonefnda notendaþjónustu með því að leggja til starfsmann sem hefur daglega viðveru frá kl. 8-14 en utan þess tíma er þjónustuborð Nett opið til kl. 17.

Skömmu eftir að þjónusta Nett ehf. hófst varð ljóst að ekki yrði umflúið að færa rekstur Novell-netkerfisins yfir á nýjan netþjón og Lotus Notes kerfin (GoPro, MinutesPro og WebPagePro) yfir á nýja netþjóna. Var þá samið við Nett ehf. um svonefnda hýsingu á netkerfinu sem felur í sér að netþjónar eru staðsettir í húsakynnum fyrirtækisins á Furuvöllum en tengdir við bæjarskrifstofurnar í Geislagötu og Glerárgötu með öflugum ljósleiðaratengingum. Uppsetningu á nýja netþjóna var lokið í desember.

Hafist var handa við að tengja skóla, leikskóla og nokkrar aðrar stofnanir bæjarins við tölvukerfi bæjarskrifstofanna með gagnaflutningslínum í þeim tilgangi m.a. að veita stjórnendum aðgang að bókhaldsupplýsingum og greiða fyrir tölvupóstsamskiptum.



### Skjalasafn

Innleiðing hópvinnukerfisins Lotus Notes og skjalavistunarkerfisins GoPro sem bærinn festi kaup á frá Hugviti hf. árið 1999 hélt áfram á árinu. Með skjalakerfinu er haldið utan um erindi sem berast til bæjarkerfisins og öll samskipti sem þau varða.

Í ársbyrjun var hafist handa við að færa fundargerðir bæjarráðs í fundargerðakerfið MinutesPro sem tengist GoPro. Í fundargerðakerfinu eru skilgreind þau mál sem eru til meðferðar á fundum bæjarstjórna og fastanefnda, fundirnir eru boðaðir með dagskrá og á fundum er kerfið notað til að skrá fundargerðina sjálfa. Að fundi loknum er fundargerðin send út á vefsíðu Akureyrarbæjar til opinberrar birtingar.

Í árslok voru flestar fundargerðir fastanefnda bæjarins færðar í fundargerðakerfið MinutesPro og orðnar aðgengilegar skömmu eftir fundarslit.

### Vefsíða Akureyrarbæjar

Í samningi við Nett ehf. um víðnetþjónustu fólst geymsla vefsíðna bæjarins og allra stofnana hans. Vefsíða Akureyr-

arbæjar var færð í vörslu Nett ehf. en hún hafði verið í bágu ástandi síðustu mánuðina á fyrri stað. Vefsíðan er hugsuð sem eins konar upplýsingakerfi þar sem bæjarstarfsmenn og aðrir geta nálgast flest opinber skjöl og upplýsingar um svið, deildir og stofnanir bæjarins. Í lok ársins komu um 80 notendur utan bæjarskrifstofanna inn á vefsíðuna á degi hverjum. Slóðin er www.akureyri.is



## Starfsmannamál

Á árinu voru 2.987 launþegum greidd vinnulaun hjá Akureyrarbæ að upphæð um 2.577 milljónir króna. Ársverk voru um 1.300 talsins.

Í unglingavinnunni voru 287 unglingar, 124 15 ára og 163 14 ára. Vinnutími á dag var 3,5 tímar í 7 vikur eða samtals 122,5 tímar. Þá var 16 ára unglingum gefinn kostur á sumarvinnu og voru 58 unglingar ráðnir að þessu sinni. Vinnutími var áætlaður 7 klst. á dag í 6 vikur og hámarkstímafjöldi, sem mátti vinna, samtals 210 tímar. Þar sem færri sóttu um vinnu en gert hafði verið ráð fyrir, var unglingunum gefinn kostur á 105 klukkustunda meiri vinnu en auglýst hafði verið í upphafi.

494 sóttu um sumarvinnu og voru 324 ráðnir til sumarstarfa og afleysinga hjá deildum og stofnunum bæjarins. Samkvæmt ákvörðum bæjarráðs stóð starfsmannadeild fyrir könnun á atvinnuhorfum skólafólks dagana 7.-16. júní. Alls hafði 21 einstaklingur, sem var í námi og án atvinnu, samband við starfsmannadeildina. Ákveðið var að bjóða þessu fólki vinnu í 240 klukkustundir og tóku 12 manns því tilboði.

Flestir kjarasamningar starfsfólks Akureyrarbæjar voru lausir á mismunandi tíma á árinu og voru nokkrir þeirra framlengdir til áramóta. Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti fyrri hluta ársins að vísa öllum kjarasamningum sínum til Launanefndar sveitarfélaga með heimild til fullnaðarafgreiðslu.

Gerður var samningur við Lífeyrissjóð Norðurlands um umsjón með Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar og annast hann nú öll samskipti við félaga sjóðsins. Sjóðurinn var áður vistaður hjá starfsmanndeild Akureyrarbæjar.

## Fræðslumál

Á vegum fræðslunefndar var efnt til námskeiða um starfsmannasamtöl fyrir alla stjórnendur og starfsmenn Akureyrarbæjar. Námskeiðin voru í byrjun febrúar, um miðjan mars og loks voru starfsmenn skólanna á námskeiðum í lok ágúst. Nokkuð vantaði á að í árslok hefði það takmark náðst að allir starfsmenn hefðu fengið starfsmannasamtal með yfirmanni.

Fræðslunefnd beitti sér fyrir að nýliðanámskeið voru endurvakin vorið 2000 og aftur um haustið. Stefnt var að því að allir starfsmenn, sem hófu störf hjá bænum á árinu 1999 og síðar, fengju eins dags námskeið þar sem stjórnkerfi og starfsemi bæjarins væru kynnt ásamt starfsmannastefnu bæjarstjórnar og jafnréttisáætlun. Ennfremur var fjallað um þjónustuhlutverk starfsmanna og siðfræði vinnustaðarins. Þátttaka á námskeiðunum var af ýmsum ástæðum minni en ráð var fyrir gert. Námskeiðin voru haldin í Menntasmiðjunni en þar hefur einnig verið séð um öll samningsbundin námskeið fyrir Akureyrarbæ.

Auk þessara námskeiða hafði fræðslunefnd milligöngu um tölvunámskeið fyrir starfsmenn á vegum Tölvufræðslunnar. Einkum var um að ræða námskeið í Word, Excel og PowerPoint. Mikil þátttaka var í þessum námskeiðum.

Námsstyrkjasjóður var stofnaður í upphafi árs og fær um 5 milljónir króna á ári til ráðstöfunar. Fyrstu styrkþegar úr sjóðnum hófu nám haustið 2000 en mikil eftirspurn hefur verið eftir styrkjum.

## Jafnréttismál

Jafnréttisnefnd leitast við að vinna samkvæmt jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar sem hefur að leiðarljósi að sjónarmiði jafnréttis sé fléttað inn í líf bæjarbúa og alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum bæjarins. Það er hlutverk jafnréttisnefndar að framfylgja áætluninni og vinna að raunverulegu jafnrétti allra bæjarbúa í lífi og starfi.

Nefndin stóð fyrir fundi með ungu fólki á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars og fundi og táknrænni gróðursetningu 19. júní í tilefni 85 ára afmælis kjörgengis kvenna á Íslandi. Á 25 ára afmæli Kvennafrídags þann 24. október hélt jafnréttisnefnd skemmti- og umræðufund með starfskonum á bæjarskrifstofum.

Í nóvember sá nefndin í samvinnu við Jafnréttisstofu um landsfund jafnréttisnefnda á Akureyri. Fundurinn stóð í tvo daga og var vel sóttur af fulltrúum jafnréttisnefnda af öllu landinu. Helstu mál á dagskrá voru ný skipan jafnréttismála, hlutverk jafnréttisnefnda og kærumál gegn sveitarstjórnum.

Dagana 28.-30. maí tók jafnréttisfulltrúi þátt í námstefnu í Vilnius í Litháen um kvennaeflingu og samþættingu á vegum verkefnis sem fimm þjóðlönd tóku þátt í og er fjármagnað af Evrópusambandinu. Í nóvember sótti jafnréttis-

fulltrúi fyrir hönd Jafnréttisstofu OECD ráðstefnu í París um konur í eigin atvinnurekstri. Formaður jafnréttisnefndar sótti ráðstefnu til Gautaborgar þar sem fram fór lokakynning á samþættingarverkefni sem var unnið á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Kynningin var á þeim hluta verkefnisins sem Ísland tók þátt í ásamt Finnlandi, Svíþjóð, Álandseyjum og Færeyjum. Viðfangsefnið var íþrótta- og tómstundamál og var íþrótta- og tómstundaráð Akureyrar þátttakandi fyrir hönd bæjarins.

Á haustmánuðum fékk jafnréttisnefnd nemendur í rekstrardeild HA til þess að vinna könnun á jafnréttisviðhorfum ungs fólks og á árinu gerði jafnréttisfulltrúi úttekt á kynjaskiptingu embættismanna í æðstu stöðum hjá Akureyrarbæ svo og kynjaskiptingu í nefndum og ráðum.

Sigrún Stefánsdóttir, formaður jafnréttisnefndar, stýrði nefnd sem skipuð var til að fara yfir skýrslu félagsvísindadeildar HÍ frá 1998 um launamun kynja hjá Akureyrarbæ og setja fram tillögur til úrbóta. Jafnréttisfulltrúi og starfsmannastjóri unnu með nefndinni. Jafnframt vann jafnréttisfulltrúi á árinu með starfshóp sem fjallaði um launakjör embættismanna hjá bænum.

Að venju veitti jafnréttisnefnd styrki til jafnréttisverkefna. Að þessu sinni voru þeir sérstaklega tileinkaðir ungu fólki og íþróttum. Veittur var styrkur til fimm verkefna hjá íþróttafélögum og til Kompanísins, miðstöðvar ungs fólks, sem hélt sjálfstyrkingarnámskeið fyrir ungar stúlkur.

# Menntasmiðjan á Akureyri

Menntasmiðjan miðar að því að verða miðstöð um þróun lífsleikninámS fyrir fullorðna, auk þess að þróa óformlegt nám fyrir konur. Fram eftir árinu 2000 var unnið skv. þeim starfsáætlunum sem mótaðar voru í Menntasmiðjunni haustið 1998. Ætlunin var að gera Menntasmiðjuna að sjálfseignarstofnun sem hefði það að markmiði að vera eins konar miðstöð um símenntun fyrir konur og karla en ekki tókst að tryggja nægilegt rekstrarfjármagn til þess.

Valgerður H. Bjarnadóttir lét af störfum sem forstöðufreyja þann 1. september og Annette Mönster var ráðin sem rekstrarstjóri frá 1. nóvember. Nú vinna sex konur í Menntasmiðjunni.

## Menntasmiðja kvenna

Menntasmiðja kvenna og sú hugmyndafræði sem hún byggir á var þungamiðjan í starfsemi Menntasmiðjunnar á Akureyri og voru kenndar tvær annir á árinu með 35 nemendum.

## Vinnuklúbburinn - námskeið í atvinnuleit

Vinnuklúbburinn er starfræktur í samstarfi við Svæðisvinnumiðlun. Tíu fjögurra vikna námskeið voru haldin í Vinnuklúbbnum á árinu. Á vegum Vinnuklúbbsins voru einnig haldin starfslokanámskeið og námskeið sem nefndist “Stefnubreyting - sjálfstyrking fyrir fólk í atvinnuleit”.

## Samningsbundin námskeið

Á árinu voru haldin kjarna-, valgreina- og sérhæfninámskeið fyrir starfsfólk í umönnunar-og uppeldisstörfum hjá Akureyrarbæ í samstarfi við Einingu-Iðju, Akureyrarbæ og nágrannasveitarfélögin. Þá voru haldin kjarnanámskeið fyrir starfsfólk FSA, sem vinnur í eldhúsi eða við ræstingar, og grunnnámskeið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar í samvinnu við STAK. Jafnframt voru haldin átta nýliðanámskeið á árinu.

## Önnur námskeið

Menntasmiðjan hélt á árinu nokkur námskeið í ensku fyrir konur, bæði byrjendur og lengra komna, tölvunámskeið þar sem Ceewit-námsefnið var kennt fyrir konur með litla eða enga tölvukunnáttu, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur og íslenskunámskeið fyrir nýbúa. Á vorönn var haldið námskeið um Vanadísir, menntasmiðjur kvenna, fyrir konur sem hafa áhuga á stofnun og rekstri menntasmiðja kvenna á Íslandi, draumanámskeið og námskeið í spænsku fyrir byrjendur.

## Fjölþjóðleg verkefni

Menntasmiðjan var á árinu þátttakandi í þremur fjölþjóðlegum verkefnum sem tengjast málefnum kvenna sérstaklega en það voru Freyja - um þróun óformlegs náms kvenna og Ceewit-verkefni um konur og upplýsingatækni. Þá var Menntasmiðjan þátttakandi í Evrópuverkefni á vegum SÓKRATES-áætlunarinnar sem miðar að því að byggja upp tengsl menntastofnana sem sérsaklega sinna atvinnuleitandi konum.

# Bæjarbúar

Íbúar Akureyrar voru 15.143 þann 1. desember 1999. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 1. desember árið 2000 15.395 og hafði fjölgað um 352 eða um 1.66%.

Karlar voru 7.609 og konur 7.786.

Frá 2. desember 1999 til 1. desember 2000 fæddust 229 börn en 109 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brottskráningar 1.118 en skráningar til bæjarins 1.250, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 132 talsins. 2.285 manns fluttu lögheimili innan bæjarins.

Elsti íbúi bæjarins, Elín Magnúsdóttir, er 105 ára.

# Fjármálasvið

## Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana og fyrirtækja bæjarins fyrir árið 2000 var samþykkt í bæjarstjórn 21. desember 1999. Heildarupphæð áætlunarinnar var ríflega 6,1 milljarður króna. Hjá Bæjarsjóði voru rekstrargjöld áætluð kr. 3.796.844 þús. og tekjur málaflokka kr. 1.775.201 þús. Áætluð rekstrargjöld, nettó, voru því ríflega 2.021 milljón króna. Það svarar til 131.268 króna á hvern íbúa 1. desember 2000 (122.069 kr. á árinu 1999).

Skatttekjur voru áætlaðar kr. 2.457.000 þús. eða 159.587 krónur á íbúa (148.623 árið 1999). Fjármagnskostnaður, nettó, var áætlaður 48 milljónir króna. Til gjaldfærðrar fjárfestingar var áætlað að verja kr. 275.500 þús. og til eignfærðrar fjárfestingar kr. 424.500 þús., eða samtals 700 milljónum króna til fjárfestinga.

Útsvarsprósenta var ákveðin 11,84%. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði var 0,36% af álagningarstofni en fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði var 1,65%.

Við endurskoðun fjárhagsáætlunarinnar í október var gert ráð fyrir nokkurri hækkun tekna og útgjalda. Skatttekjur hækkuðu um 93 milljónir króna og rekstrarútgjöld um rúmar 183,6 milljónir króna og vegur þar langþyngst 90 milljóna króna hækkun vegna lífeyrisskuldbindinga. Áætlun til gjald- og eignfærðrar fjárfestingar var hækkuð um 76 milljónir króna. Munar þar mestu um aukið fé til framkvæmda við skóla og Sundlaug Akureyrar.

Helstu niðurstöðutölur úr fjármagnsyfirliti samstæðureiknings bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja árið má sjá í töflu 1.

**Tafla 1 - Fjármagnsyfirlit fyrir árið 2000**

| | Niðurstaða | Áætlun |
|---|---|---|
| Skatttekjur | 2.719 | 2.550 |
| Tekjur málaflokka og rekstrartekjur veitna | 3.022 | 3.034 |
| Rekstrargjöld | 4.560 | 4.643 |
| Tekjur umfram rekstrargjöld | 1.181 | 940 |
| Fjárfestingar samtals | 1.271 | 1.234 |
| Fjármagnsliðir | 200 | 217 |

Þessi niðurstaða er í stærstum dráttum í samræmi við fjárhagsáætlun ársins utan að skatttekjur bæjarsjóðs voru verulega umfram áætlun. Hagnaður Hita- og Vatnsveitu var meiri en ráð var fyrir gert en afkoma Rafveitu Akureyrar í samræmi við áætlun. Skatttekjur bæjarsjóðs voru um 8% hærri en áætlað var. Almenn rekstrargjöld bæjarsjóðs voru 1% umfram áætlun. Heildarlaunagreiðslur voru 2.545 milljónir króna og ársverk 1.299.

## Efnahagsreikningur

Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31. desember 2000 má sjá í töflu 2 og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árið 1999.

**Tafla 2 - Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings í árslok 2000 og 1999**

| | 31. des. 2000 | 31. des. 1999 |
|---|---|---|
| Veltufjármunir | 1.783 | 2.380 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 494 | 425 |
| Peningalegar eignir samtals | 2.277 | 2.805 |
| Skammtímaskuldir | 1.008 | 1.101 |
| Langtímaskuldir | 4.192 | 4.064 |
| Heildarskuldir án lífeyrisskuldbindinga | 5.200 | 5.165 |
| Neikv. peningaleg staða án lífeyrisskuldb. | 2.924 | 2.360 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 2.655 | 2.592 |
| Neikv. peningaleg staða m/lífeyrisskuldb. | 5.579 | 4.952 |

## Útboð á bankaviðskiptum

Á árinu var ákveðið að bjóða út alla almenna bankaþjónustu bæjarins. Óskað var eftir tilboðum í kjör inn- og útlánsvaxta ásamt tilboði í ýmis þjónustugjöld. Útboðið fór fram á Evrópska efnahagssvæðinu en 4 innlend tilboð bárust. Hagstæðasta tilboðið kom frá Landsbanka Íslands hf. og var samið við bankann til næstu 3ja ára um bankaþjónustu bæjarins.

## Starfsmannamál

Fjöldi starfsfólks var svipaður og áður. Rafn Hjaltalín bæjargjaldkeri lést á árinu. Dagný M. Harðadóttir var ráðin deildarstjóri fjárreiðudeildar og Jón Bragi Gunnarsson var ráðinn verkefnastjóri.

# Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild Akureyrar sér um innlausn og sölu félagslegra íbúða, úthlutun viðbótarlána, umsýslu með leiguíbúðum og biðlista eftir þeim ásamt því að sjá um greiðslu húsaleigubóta til leigjenda. Félagslegar eignaríbúðir, sem koma til innlausnar, eru annað hvort seldar á frjálsum markaði eða Akureyarbær kaupir þær til nota fyrir leiguíbúðir.

## Félagslegar íbúðir

Í árslok voru samtals 479 félagslegar íbúðir á Akureyri og endurreiknað íbúðarverð (innlausnarverð) þeirra var u.þ.b. 3.640 milljónir króna. Á árinu voru 42 félagslegar íbúðir seldar á frjálsum markaði, 12 íbúðum var breytt í leiguíbúðir og ein íbúð var óseld um áramót. Á miðju árinu

var gerður samningur við fasteignasöluna Holt um sölu þeirra íbúða sem seldar eru á frjálsum markaði.

## Viðbótarlán

Lán eru veitt til viðbótar almennum húsnæðislánum til þeirra sem uppfylla sett skilyrði, m.a. um eigna- og tekjumörk. Sækja þarf um viðbótarlán hjá Húsnæðisnefnd Akureyrar. Viðbótarlán getur orðið allt að 25% af matsverði íbúðar og er veitt til 40 ára. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði, almennt lán og viðbótarlán, getur því orðið allt að 90% af kaupverði íbúðar. Á árinu voru veitt 200 lán, samtals að fjárhæð 279,4 milljónir króna. 14 umsóknum var synjað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði fyrir lánveitingu.

## Leiguíbúðir

Leiguíbúðir Akureyrar voru 209 um áramót en þar af eru 18 kaupleiguíbúðir með forkaupsrétti. Haldinn er biðlisti eftir leiguíbúðum Akureyrarbæjar. Meginforsenda við úthlutun er aldur umsóknar, þ.e. elsta umsókn um íbúð er fyrst á lista um íbúð sem kemur til leigu og hentar umsækjanda. Þó er heimilt að taka umsækjendur, sem fjölskyldudeild og þjónustuhópur aldraðra metur að séu í brýnni þörf, fram fyrir umsóknir á biðlista.

Á árinu var úthlutað til leigu 49 íbúðum. Af 49 nýjum leigjendum voru 10 teknir fram fyrir á biðlista vegna beiðni um forgang og í 9 tilvikum var um flutning á milli íbúða að ræða. Um áramót voru samtals 59 umsækjendur á biðlista, en þar af voru 10 leigjendur að óska eftir flutningi. Umsóknirnar urðu flestar á árinu í byrjun nóvember þegar þær voru samtals 86.

## Húsaleigubætur

Húsaleigubætur voru greiddar til 361 einstaklings eða fjölskyldna á árinu (267 árið 1999). Heildarfjárhæð bóta nam tæpum 44,8 milljónum króna og er það tæplega tvöföldun frá árinu áður. Hækkunin á milli ára skýrist í meginatriðum af því að farið var að greiða húsaleigubætur til þeirra sem leigja íbúð af Akureyrarbæ á árinu. Í töflu 3 má sjá skiptingu bótaþega/heimila sem fengu húsaleigubætur á árinu eftir fjölskyldugerð og stöðu.



### Myndrit 1 - Skipting skatttekna árið 2000




### Tafla 3 - Bótaþegar/heimili sem fengu húsaleigubætur á árinu

Fjölskyldugerð bótaþega

| | Ógiftur | Giftur | Ekkja/ Ekkill | Skilin að borði og sæng | Skilin | Alls: |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í atvinnu | 85 | 18 | 1 | 6 | 24 | 134 |
| Atvinnulaus | 12 | 2 | 1 | -1 | 3 | 19 |
| Öryrkjar | 41 | 7 | 3 | 8 | 23 | 82 |
| Ellilífeyrisþegar | 14 | 9 | 9 | - | 4 | 36 |
| Heimavinnandi | 5 | - | - | - | - | 5 |
| Nemar | 78 | 4 | - | - | 3 | 85 |
| **Samtals:** | **235** | **40** | **14** | **15** | **57** | **361** |

### Tafla 4 - Heildargreiðslur húsaleigubóta á árinu

| Tegund íbúðar | 1. ársfj. | 2. ársfj. | 3. ársfj. | 4. ársfj. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Leiguíbúðir Akureyrarbæjar | 4.804.986 | 5.275.878 | 5.385.111 | 5.534.338 | 21.000.313 |
| Almennur markaður | 4.408.262 | 4.324.218 | 4.292.519 | 5.032.989 | 18.058.042 |
| Stúdentagarðar | 1.187.737 | 1.335.833 | 1.305.440 | 1.874.128 | 5.703.138 |
| **Alls** | **10.400.985** | **10.935.929** | **10.983.070** | **12.441.455** | **44.761.493** |

# Félagssvið

Árið 2000 var fyrsta heila rekstrarárið eftir skipulagsbreytingar sem gerðar voru 1999. Almennt má segja að nokkuð góð sátt ríki nú um þær breytingar í ljósi reynslunnar.

Á árinu var lokið við stefnumótun í málefnum aldraðra og stefnumótun í menningarmálum lauk í desember 2000. Unnið er að mótun fjölskyldustefnu á vegum félagsmálaráðs.

Fjárhagserfiðleikar einstakra íþróttafélaga hafa verið nokkuð til umræðu á árinu og í lok ársins var skipuð samráðsnefnd Akureyrarbæjar og ÍBA til að taka á þeim vanda og er hún enn að störfum.

Þrátt fyrir efnahagslegt góðæri jókst þörfin fyrir fjárhagsaðstoð frá árinu áður. Það virðist því sem ekki hafi allir notið þessa góðæris. Ef til vill er líka meiri lausung í fjármálum fólks og eytt umfram efni.



Miklar byggingaframkvæmdir voru á árinu til að bæta aðstöðu notenda og starfsmanna og koma til móts við óuppfylltar þjónustuþarfir. Má þar nefna leikskóla, grunnskóla, sundlaug, skautahús, Strýtu og Ketilhús svo eitthvað sé nefnt. Einnig var unnið að undirbúningi ýmissa bygginga sem byggðar verða á næstu árum. Allar þessar framkvæmdir munu væntanlega stuðla að meiri og betri starfsemi á vegum bæjarins öllum bæjarbúum til hagsbóta. Jafnframt þessu er verið að efla innra starfið með ýmsu móti svo sem fræðslu o.fl. enda er markmiðið ævinlega að auka gæði þjónustunnar sem veitt er á hverjum tíma. Til þess að svo megi vera þurfa allir stjórnendur og starfsmenn að vera tilbúnir til að takast á við nýjungar í starfsháttum og gera ýmsar breytingar á hefðum og venjum.

## Reynsluverkefnin

Í desember 1999 náðist samkomulag við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið um að framlengja reynsluverkefnin um tvö ár. Þar með var tryggt að hægt væri að halda áfram að þróa samþættingu verkefna við félagsþjónustu bæjarins og efla samstarf og samvinnu í málefnum fatlaðra, aldraðra og heilsugæslu.

Ýmsar blikur eru nú á lofti vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna um nk. áramót því ekki er lengur einhugur um það meðal hagsmunasamtaka fatlaðra. Einnig hefur Akureyrarbær bent á aðrar leiðir en gert er ráð fyrir í nýja félagsþjónustufrumvarpinu. Er það m.a. vegna þess að Norðaustursvæðið virðist bera skarðan hlut frá væntanlegri skiptingu fjármunanna miðað við það fjármagn sem nú er til staðar og ekki getur það talist ásættanlegt.

Meðal stjórnenda og starfsmanna heilsugæslunnar er áhugi á að vera áfram í samstarfi við Akureyrarbæ um stjórnun og rekstur stöðvarinnar. Þær hugmyndir hafa hlotið jákvæða afstöðu félagsmálaráðs og unnið er að málinu. Telja má frekar ólíklegt að það yrði gert á grundvelli reynsluverkefnalaganna. Á árinu hófst starfsemi unglingamóttöku á heilsugæslunni.

Í málefnum aldraðra er unnið að eflingu heimaþjónustu og nýtt verkefni „heilsueflandi heimsóknir til aldraðra“, var tekið upp á árinu og gengur vel. Jafnframt var unnið að breytingum að Víðilundi til að koma þar fyrir 12 nýjum dagvistarrýmum og hófst sú starfsemi í janúar 2001. Í samningnum við heilbrigðisráðuneytið er ákvæði um viðræður á tímabilinu um mat á nauðsyn á fjölgun hjúkrunarrýma á næstu árum. Viðræður hafa verið við stjórnendur FSA um sameiginlega aðkomu að væntanlegum viðræðum við ráðuneytið.

Í menningarmálum var ákveðið að framlengja ekki samning um menningarmál sem reynsluverkefni heldur ákveðið að gera samning til 3ja ára sem undirritaður var í byrjun árs 2000. Með honum náðist veruleg hækkun fjármuna frá ríkisvaldinu á samningstímanum og renna þeir til ýmissa menningarstofnana til að efla starfsemi þeirra.

## Þjónustusvæði

Þjónustusvæði stofnana á félagssviði er mismunandi stórt eftir því hvaða málaflokkur á í hlut. Málefni fatlaðra ná til íbúa í 13 sveitarfélögum, starfssvæði heilsugæslunnar nær til íbúa 10 sveitarfélaga, samningur er við 8 sveitarfélög um aðgang að dvalar- og hjúkrunarrýmum á Hlíð og eitt sveitarfélag um aðgang að hjúkrunarrýmum eingöngu. Á árinu 1999 var svo gerður samningur við 7 sveitarfélög um barnaverndarmál, félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. Samhliða var samið um stofnun einnar

barnaverndarnefndar fyrir þessi 7 sveitarfélög og Akureyrarbæ og tók hún til starfa í byrjun árs 2000.

## Starfsmenn

Engar breytingar urðu í hópi deildarstjóra á sviðinu á árinu. Á félagssviðinu eru nú alls um 1.000 stöðugildi þegar stofnanir reynsluverkefnanna eru taldar með. Launagreiðslur á árinu voru rúmir 2,2 milljarðar króna.

## Fjárhagsáætlun

Framhaldið var vinnu við að laga fjárhagsáætlunargerðina að rammafjárveitingunum og reynt að sníða mestu vankantana af en í ljós kom að áætlanagerð fyrir árið 2000 var í sumum málaflokkum ekki nægilega vel unnin. Sjálfstæði stofnana og deilda verður áfram aukið sem og ábyrgð forstöðumanna.

# Fjölskyldudeild

Ólíkt fyrri árum urðu ekki miklar breytingar á starfsemi Fjölskyldudeildar og stofnana hennar á árinu. Unnið hefur verið að innra starfi deildarinnar með það að markmiði að auka gæði þjónustunnar. Þetta hefur m.a. verið gert með verkefnavinnu, fræðslu og handleiðslu. Til þess að styrkja stjórnun þeirra málaflokka sem unnið er með á deildinni var seint á árinu 1999 og í ársbyrjun 2000 komið á fót stöðum verkefnastjóra í félagsþjónustu, barnavernd, málefnum fatlaðra og skólaþjónustu.

## Atvinnuleit fatlaðra

Atvinnuleitarfulltrúi fatlaðra vann ötullega að því á árinu að finna fólki, með skerta vinnugetu vegna fötlunar, vinnu við hæfi á almennum vinnumarkaði. Oft er fólki beint í starfsendurhæfingu til að byrja með og síðan eru örorkuvinnusamningar notaðir til að auðvelda aðkomu að vinnumarkaði. Umsóknir til atvinnuleitarfulltrúa voru 13 á árinu frá 12 einstaklingum og fengu 5 störf á almennum vinnumarkaði, þar af 2 á örorkuvinnusamningum. Alls voru 29 örorkuvinnusamningar í gildi á árinu.

Á árinu var starfsmaður í hálfu starfi við „liðveislu á vinnustað“ samkvæmt reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996, 6. gr. en þar stendur um aðstoð við fatlaða í vinnu á almennum vinnumarkaði: „Sérstök liðveisla er einstaklingsbundinn stuðningur við hinn fatlaða, einkum í upphafi starfs, í þeim tilgangi að aðstoða hann til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði.“ Alls hafa 7 einstaklingar notið liðveislu á vinnustað á árinu.

## Ýmis úrræði í málefnum fatlaðra

Stuðningsfjölskyldur eru úrræði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Á árinu höfðu 22 börn stuðningsfjölskyldu. 4 voru á aldrinum 0-6 ára og 18 börn á aldrinum 7-16 ára.

Styrkir til náms og verkfæra- og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðara. Til ráðstöfunar voru 1,2 milljónir króna. Úthlutað var tvisvar á árinu, 600 þúsund krónum í hvort sinn. Alls bárust 32 umsóknir, þar af sóttu 2 einstaklingar um tvisvar. Alls fékk 21 einstaklingur styrk til náms og tækjakaupa á árinu.

Leikfangasafn er þáttur í faglegri þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra sbr. 9. gr. laga um málefni fatlaðra. Þar er veitt þroska- og leikþjálfun, börn þroskametin og veitt uppeldisleg ráðgjöf til foreldra og annarra, svo sem leikskóla og stuðningsfjölskyldna, sem annast börnin. Leikfangasafnið er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Á árinu fengu 4 börn þjálfun á leikfangasafni og 3 forathugun með tilliti til frekari greiningar. Ráðgjöf til foreldra eða þjónustuaðila var veitt vegna 85 fatlaðra barna eða barna með þroskafrávik

Á skrá hjá Fjölskyldudeild voru 158 fjölskyldur með umönnunarbætur, annað hvort vegna fötlunar eða hegðunar/þroskafrávika. Þar af voru 34 á aldrinum 0-5 ára, 69 á aldrinum 6-10 ára og 55 á aldrinum 11-16 ára.

Öryrkjabandalag Íslands á 21 íbúð á Akureyri, sem leigðar eru öryrkjum, auk húsnæðis tveggja sambýla fatlaðra. Fjölskyldudeild tekur á móti umsóknum um þessar íbúðir fyrir hönd Öryrkjabandalagsins og hefur samvinnu við það um úthlutun og ýmislegt er lýtur að útleigu. Á biðlista voru 18 umsækjendur.

## Fjárhagsaðstoð

Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru um 25,7 milljónir króna á árinu og hækkuðu um rúm 14% á milli ára. Umsóknir um fjárhagsaðstoð voru 815 frá 282 umsækjendum. (sjá töflu 5).

### Tafla 5 - Umsóknir um fjárhagsaðstoð

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 |
|---|---|---|---|---|
| Einstæðir foreldrar . . . . . | 144 | 123 | 122 | 122 |
| Einhleypir . . . . . . . . . . . . | 132 | 103 | 116 | 134 |
| Hjón með börn . . . . . . . . | 27 | 28 | 25 | 22 |
| Barnlaus hjón . . . . . . . . . | 14 | 6 | 12 | 4 |
| **Samtals: . . . . . . . . . . . . .** | **317** | **260** | **275** | **282** |

## Skólamál

Árið 2000 var fyrsta heila árið sem einstaklingsþjónusta við grunn- og leikskóla var staðsett á Fjölskyldudeild. Alls bárust 279 tilvísanir vegna jafn margra barna. Óskað var eftir aðstoð vegna 184 drengja og 95 stúlkna. Að auki var

unnið í málum 41 barns frá fyrra ári. Málefni þeirra barna sem unnið var með flokkast á eftirfarandi hátt:

**Tafla 6 - Einstaklingsþjónusta við grunn- og leikskóla**

| | |
|---|---|
| Þroskafrávik/fötlun | 60 |
| Námsvandi/námsástundun | 56 |
| Hegðun/líðan | 43 |
| Mál-/talerfiðleikar | 95 |
| Félagsleg samskipti | 20 |
| Samsettur vandi | 46 |
| **Samtals** | **320** |

### Barnavernd

Á árinu var unnið með málefni 90 fjölskyldna vegna 127 barna. Barnaverndartilkynningar, þar sem grunur var um að börn byggju við óviðunandi aðbúnað, voru 90 vegna jafnmargra barna. Helstu úrræði sem gripið var til skv. 21. gr. barnaverndarlaga voru eftirfarandi: Tilsjón í 8 tilvikum, persónulegir ráðgjafar í 8 tilvikum og 23 börn fengu stuðningsfjölskyldu. Að auki var foreldrum í flestum tilvikum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað barna, foreldrar voru aðstoðaðir við að leita meðferðar vegna áfengisvanda eða annarra persónulegra vandamála og beitt var úrræðum á grundvelli annarra laga svo sem laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðra. Umsagnarmál frá dómsmálaráðuneyti eða dómstólum voru 14, þ.e. 7 umgengnismál og 7 ættleiðingarmál.

Sumarið 2000 fóru 24 börn í sveitardvöl á vegum deildarinnar auk þess sem foreldrar fengu aðstoð til þess að greiða sumarbúðir fyrir börn sín í nokkrum tilvikum.

## Dagþjónusta fatlaðra

Hæfingarstöðin við Skógarlund veitti um 45 einstaklingum hæfingu og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðra, til að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur er starfsþjálfunar- og endurhæfingarstaður og auk þess verndaður vinnustaður. Alls voru 44 einstaklingar í starfsþjálfun á Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi á árinu. Af þessum hópi voru 4 langtímaatvinnulausir einstaklingar frá Svæðisvinnumiðlun samkvæmt sérstökum samningi þar um. Í þessum tilvikum sér Svæðisvinnumiðlun um áframhaldandi starfsþjálfun og ráðningar. Í starfsþjálfun á almennan vinnumarkað fóru 9 fatlaðir einstaklingar. Alls fengu 9 einstaklingar vinnu á almennum vinnumarkaði, þar af 4 með örorkuvinnusamningi.



# Heilsugæslustöð

Starfsemi og þjónusta Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Í fyrsta skipti var ekki hægt að manna allar læknastöður en tveir heimilislæknar hættu störfum á Heilsugæslustöðinni. Einn nýr heimilislæknir bættist í hópinn en ekki bárust umsóknir um eina fasta stöðu eða um stöðu afleysingalæknis. Seinni hluta ársins hafa því aðeins verið starfandi 10 heilsugæslulæknar í stað 11-12 áður. Hefur sú staða haft áhrif á starfsemina, einkum með auknu álagi og minni þjónustu. Heildarfjöldi stofuviðtala jókst þrátt fyrir þetta um 13% á milli ára og bendir það til þess að ásókn í heimilislæknaþjónustu fari vaxandi. Framtíðarhorfur varðandi fjölgun heimilislækna eru ekki ýkja bjartar því fáir unglæknar fara í heimilislæknanám og því er lítil endurnýjun í stéttinni. Líkur eru á því að Heilsugæslustöðin þurfi að draga úr læknaþjónustu eða breyta henni á komandi árum.

Heilsuverndarstarfið, þ.e. mæðravernd, ungbarnavernd, heilsugæsla í skólum og krabbameinsleit var í aðalatriðum í föstum skorðum og áfram var leitast við að þróa vinnulag “nýja barnsins” upp í grunnskólann. Reynslusveitarfélagssamningurinn er enn í fullu gildi og fyrirkomulag stjórnunar það sama og síðustu ár. Rekstrarstjórn heimahjúkrunar var áfram undir hatti Búsetu- og öldrunardeildar en fagleg tengsl við Heilsugæslustöðina hafa ekki rofnað. Á sviði öldrunarmála rættist gamall draumur heilsugæslufólks er heilsueflandi heimsóknir til aldraðra komust á og lofa þær góðu.

### Samstarf við FSA

Vaktlæknar fengu á árinu aðstöðu á slysadeild FSA til að taka á móti sjúklingum á kvöldin og um helgar. Einnig svara hjúkrunarfræðingar slysadeildar í vaktsímann á nóttunni og meta þeir hvort ástæða er til að áframsenda símtöl til vaktlæknis. Þetta hefur reynst mjög hagkvæmt og aukið á fagleg og vönduð vinnubrögð vaktlækna.

Á árinu var samið við FSA um yfirtöku rannsóknaþjónustu og var rannsóknastofa Heilsugæslustöðvarinnar þá lögð niður. Meinatæknar koma og taka blóð á stöðinni á hverjum degi, en öll rannsóknavinna fer fram á FSA. Sárt var að sjá á eftir þeim góðu starfsmönnum sem á rannsóknastofunni unnu en eftir sem áður er rannsóknaþjónustan í háum gæðaflokki.

## Unglingamóttaka

Í febrúar var opnuð unglingamóttaka og hefur hún starfað allt árið, að sumarmánuðum undanskildum. Þar starfa læknir og hjúkrunarfræðingur og er móttakan opin einn klukkutíma í senn, einn dag í viku. Alls var opið í 33 skipti. 60 ungmenni komu í unglingamóttökuna með ýmiss konar vandamál. Á vormánuðum var samstarf á milli unglingamóttöku HAK og Kompanísins, en þar var gerð tilraun til að hafa móttöku með hinum ýmsu sérfræðingum. Fór samstarfið aðallega fram með tilvísunum og ráðgjöf.

Myndrit 2 - Fjöldi skráðra samskipta á HAK 1994-2000




## „Nýja barnið“

Á jólaföstu kom út á vegum Landlæknisembættisins bókin ,,Nýja barnið,” sem fjallar um hugmyndafræði, aðferðir og árangur samnefnds þróunarverkefnis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Bókin er samin af starfsmönnum Heilsugæslustöðvarinnar og handleiðendum verkefnisins með það fyrir augum, að starfsfólk heilsugæslustöðva og aðrir þeir, sem koma að umönnun, heilsuvernd og heilbrigðisuppeldi barna sem og allri fjölskylduvernd, geti nýtt sér reynslu Akureyringa og kynnt sér hugmyndafræðina að baki þessari tegund fjölskylduverndar.



# Menningarmál

## Húsverndarsjóður Akureyrar

Á árinu var „Samþykkt fyrir Húsfriðunarsjóð Akureyrar“ tekin til endurskoðunar og m.a. var nafni sjóðsins breytt í *„Húsverndarsjóður Akureyrar“*.

Úthlutað var 13 styrkjum úr sjóðnum á árinu, auk framlaga til endurbóta á friðuðum húsum í eigu bæjarins, þ.e.a.s. Gamla spítalanum, Samkomuhúsinu, Sigurhæðum og Davíðshúsi. Veitt var viðurkenning úr Húsverndarsjóði vegna endurbóta á Brekkugötu 14. Þá voru einnig veitt hönnunarverðlaun til Loga Einarssonar, arkitekts, vegna Hindarlundar 9 og til Fanneyjar Hauksdóttur, arkitekts, vegna Giljaskóla.

## Menningarsjóður

Alls var veittur 31 styrkur úr menningarsjóði til félaga og einstaklinga. Þá voru einnig gerðir 7 rekstrarsamningar til þriggja ára við aðila sem starfa að menningarmálum. Eru það Jassklúbbur Akureyrar, Leikklúbburinn Saga, Lúðrasveit Akureyrar, Sópranó - styrktarklúbbur Bjargar Þórhallsdóttur, söngkonu, Sumartónleikar í Akureyrarkirkju, Tónlistarfélag Akureyrar og Zontaklúbbur Akureyrar. Veittir voru viðurkenningargripir til Birgis Helgasonar, tónlistarmanns og Einars Helgasonar, myndlistarmanns. Úthlutað var starfslaunum til hálfs árs til listamannanna Aðalheiðar Eysteinsdóttur, myndlistarkonu og Daníels Þorsteinssonar, tónlistarmanns.

## Saga Akureyrar

Á árinu kom út 3. bindi af *Sögu Akureyrar*. Þetta bindi nær yfir tímabilið 1906-1918. Ritstjóri var, eins og áður, Jón Hjaltason, sagnfræðingur. Á árinu var 1. bindi af Sögu Akureyrar endurprentað, en það hafði verið uppselt um nokkurn tíma.

## Aldamótaverkefni

Akureyrarbær lagði fjármagn í þrjú nokkuð viðamikil verkefni í tilefni af aldamótum: Útilistaverkið, *Íslandsklukka* eftir Kristinn E. Hrafnsson, tengt 1000 árum frá kristnitöku og landafundum í Norður-Ameríku, var vígt 29. ágúst. Fræðsluritið *„Líf í Eyjafirði“* kom út í byrjun nóvember og farandssýningin *„Heimskautslöndin unaðslegu“*, sem fjallaði einkum um líf og starf Vilhjálms Stefánssonar, landkönnuðs, var sett upp í Listasafni Akureyrar í nóvember.

## Tengsl við vinabæi Akureyrar

Vinabæjavikan árið 2000 var haldin á Akureyri. Meginhóparnir voru 16-20 ára unglingar sem tóku þátt í þremur mismunandi verkefnum. Stærsti hópurinn vann við ljóðagerð, ritlist og ýmiss konar myndlist; tónlistarhópur fékkst einkum við þjóðlaga- og jasstónlist og þriðji hópurinn kynnti sér og æfði svokallaða þríþraut, sem sett er saman úr hjólreiðum, sundi og hlaupi. Bæjarfulltrúar og embættis-

menn frá vinabæjunum tóku m.a. þátt í ráðstefnu um *„Menningarstarf í sveitarfélögum - markmið og skipulag“*. Þátttakendur í vinabæjavikunni voru samtals 117, þar af 85 frá vinabæjunum.

„Kontaktmannafundur“, sem er fundur fulltrúa bæjarstjórna vinabæjanna, var haldinn í Västerås í lok júní. Fulltrúar Akureyrar þar voru bæjarstjóri og sviðsstjóri félagssviðs. Um miðjan júlí fór forseti bæjarstjórnar Akureyrar, ásamt maka, í opinbera heimsókn til vinabæjar Akureyrar, Narsaq í Grænlandi. Heimsóknin var í tengslum við hátíðahöld í Bröttuhlíð í Grænlandi, vegna 1000 ára frá landafundum norrænna manna í Vesturheimi. Í byrjun ágúst fóru tveir bæjarfulltrúar Akureyrar, ásamt rafveitustjóra bæjarins, í heimsókn til vinabæjar Akureyrar, Gimli í Kanada. Í framhaldi af ofannefndum heimsóknum til Narsaq og Gimli hefur verið unnið að hugmyndum um fyrirkomulag á samstarfi þessara bæja á næstu árum.

## Samstarf við Færeyjar og Grænland

Árið 1999 var síðasta ár tilraunaverkefnis um samvinnu í menningar- og fræðslumálum milli Íslands, Grænlands og Færeyja. Akureyrarbær hafði umsjón með þessum verkefnum fyrir Íslands hönd.

Á árinu 2000 fóru bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar, ásamt fleirum, í stuttar heimsóknir til Nuuk í Grænlandi og Torshavn í Færeyjum, til viðræðna við ráðamenn þar um möguleika á undirbúningi sérstaks Vest-Norden-árs 2002. Í framhaldi af þeim heimsóknum var starfsmaður ráðinn tímabundið til að vinna að undirbúningi þess máls, í samvinnu við fulltrúa frá Færeyjum og Grænlandi.

# Amtsbókasafnið

Starfsemi Amtsbókasafnsins var með svipuðu sniði og árið 1999. Akureyringar sýna safninu mikla ræktarsemi á ýmsan hátt, ekki síst með heimsóknum sínum en um 400 manns sækja safnið heim að jafnaði dag hvern árið um kring. Útlán í útlánadeild jukust um 2% á milli ára og voru 159.231 (155.860). Er þetta minni aukning en vænst hafði verið og á það líka við um lán á lestrarsal, en þar fækkaði afgreiðslum til muna í nóvember (um 13%) og í desember (um 24%). Ekki er ólíklegt að rekja megi þennan samdrátt til verkfalls framhaldsskólakennara (sjá myndrit 3).

Heimsendingar til aldraðra og fatlaðra héldu áfram að aukast, en þær jukust um 13% á milli áranna 1998-1999 og um 30% á milli 1999 og 2000 (sjá myndrit 4).

Keypt voru 6.593 eintök af bókum, hljóðbókum, blöðum, myndböndum, hljómdiskum og margmiðlunarefni en afskrifuð voru 5.446 eintök.

Gestir í sögustundum og safnkynningum fyrir börn voru 1.550 á árinu sem er um 580 börnum fleira en árið 1999.

Lán frá safninu til annarra safna jukust um 34% á milli ára, voru 247 árið 1999 en 332 árið 2000. Í þessum tölum eru eingöngu millisafnalán sem einstaklingar óska eftir en auk þess lánar safnið Eyjabókasafninu í Grímsey hundrað bóka ár hvert.

**Myndrit 3 - Gestir á lestrarsal 1996-2000**




**Myndrit 4 - Heimsent**




## Aðgangur að Interneti

Safnið hefur boðið upp á aðgang að Interneti fyrir almenning í þrjú ár. Reynslan af því hefur verið góð og voru skráðir notendur 1.319 á árinu. Er það tæplega 200 fleiri en árið áður. Skráð notkun er mest í nóvember og desember.

## Sýningar og dagskrá

Amtsbókasafnið tók þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, sýningum og uppákomum á árinu. Þar má m.a. nefna:

Málþing 15. apríl í tilefni af útgáfu bókarinnar „Kristni á Íslandi“.

Samstarf við utanríkisráðuneytið um sýningu á 60 ára sögu utanríkisþjónustunnar. Sýningin, sem var á lestrarsal safnsins, var opnuð af utanríkisráðherra þann 29. maí og var opin á afgreiðslutíma safnsins til 26. júní.

Árlegur fundur forstöðumanna almenningsbókasafna á Íslandi var haldinn á Akureyri í boði Amtsbókasafnsins dagana 4.-5. maí.

Samstarf við Gilfélagið um bókmenntakvöld í Deiglunni á Listasumri og kynningar á þeim skáldum sem til umfjöllunar voru hverju sinni.

Þátttaka í norrænu vinabæjamóti, NOVU 2000, sem haldið var á Akureyri 17.-22. júní.

Fyrsti landsfundur Upplýsingar, sameinaðs félags bóka-



varða og bókasafnsfólks, var haldinn á Akureyri 1.-2. ágúst. Gestir voru um 140 og var skipulag allt í höndum starfsmanna bókasafnanna á Akureyri.

Alþjóða-bangsadagurinn 27. október. Þetta er í þriðja sinn sem safnið heldur þennan dag hátíðlegan með fjölda gesta af yngstu kynslóðinni.

Norræna bókasafnavikan var að þessu sinni helguð börnum á Norðurlöndum og norrænum barnabókmenntum. Safnið tók þátt í vikunni með ýmsum uppákomum, sýningum, upplestri og kvikmyndasýningum.

### Gjafir

45 einstaklingar gáfu safninu bækur og blöð á árinu. Í árslok gaf listmálarinn Kristinn G. Jóhannsson safninu olíumálverk af Rósberg G. Snædal en áður hafði hann gefið því myndir af „Akureyrarskáldunum“ Braga Sigurjónssyni, Einari Kristjánssyni frá Hermundarfelli, Guðmundi Frímann, Heiðreki Guðmundssyni og Kristjáni frá Djúpalæk. Þá gaf Gísli Jónsson safninu skrá sína um íslensk mannanöfn á tölvutæku formi. Í skránni eru um 4.400 nöfn ásamt upplýsingum um merkingu, uppruna og útbreiðslu nafnanna.

## Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Á árinu voru 66 skjalaafhendingar skráðar í aðfangabók og er það heldur hærri tala en árið áður þar sem afhendingar voru 63. Starfsmenn safnsins voru áfram tveir í 1½ stöðugildi, sem um áramót 2000/2001 jókst í 2 stöðugildi. Safnið var opið 10.00-19.00 á virkum dögum og 10.00-15.00 á laugardögum yfir veturinn.

Á árinu var unnið að teikningum og öðrum undirbúningi fyrir viðbyggingu safnahússins í Brekkugötu 17. Ekki tókst að hefja framkvæmdir á árinu 2000 eins og upphaflega var áætlað en allar líkur eru á að verkið verði boðið út fyrri hluta árs 2001.

### Gjafir

Safninu voru að venju afhent mörg merkisskjöl, bæði frá opinberum aðilum og úr einkaeign. Tíu afhendingar komu frá sveitarfélögunum eða stofnunum á þeirra vegum. Níu félög bættust í hóp þeirra sem eiga sín skjöl á Héraðsskjalasafninu og hafa nú verið skráð skjöl frá alls 212 félögum.

Að venju barst einnig talsvert af skjölum frá einstaklingum og má segja að hartnær helmingur hafi verið einkaskjöl. Að öllum öðrum ólöstuðum má nefna þá tvo einstaklinga sem oftast á árinu skiluðu inn skjölum en það eru þau Gísli Jónsson, fyrrverandi menntaskólakennari, og Sigríður Schiöth, kórstjóri. Sigríður afhenti safninu ýmis skjöl úr fórum Schiöth fjölskyldunnar á Akureyri, hið elsta frá árinu 1901. Gísli Jónsson afhenti safninu m.a. í árslok frumrit spjaldskrár sinnar um íslensk mannanöfn. Spjaldskráin inniheldur 4.388 nöfn og hefur Gísli unnið að henni um árabil og mun hann enn bæta við og breyta ef þurfa þykir þó spjaldskráin hafi formlega verið afhent safninu.

Frágangi og skráningu eldri aðfanga var haldið áfram samhliða skráningu nýkominna skjala og voru skráðar á árinu um það bil 849 færslur.



### Lán á sal og fyrirspurnir

Lán til gesta safnsins á lestrarsal voru 1.298 talsins og jukust um rúmlega 100 frá fyrra ári. Ritun á Sögu Akureyrar 1906-1918 stóð yfir hluta ársins og stór hluti allra útlána á lestrarsal var í tengslum við þá vinnu. Fyrirspurnir og uppflettingar fyrir viðskiptavini voru svipaðar og árið á undan eða um 700 talsins.

### Sýningar

Tvær sýningar voru haldnar á safninu á árinu. Í október voru höfð til sýnis nokkur skjöl úr fórum Schiöth-fjölskyldunnar á Akureyri. Þann 11. nóvember, á afmælisdegi Matthíasar Jochumssonar, var opnuð sýning á skjölum o.fl. frá heiðursborgurum Akureyrarbæjar. Þá voru 80 ár liðin frá því að fyrsti heiðursborgarinn, sr. Matthías, var kjörinn.

## Hús skáldsins: Sigurhæðir - Davíðshús

Bæjarstjórn ákvað síðla árs 1999 að færa á eina hönd umsjón og rekstur húsa skáldanna og heiðursborgaranna Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og séra Matthíasar Jochumssonar. Sú ákvörðun tók gildi um áramót og frá þeim tíma heyra húsin undir sömu stofnun: Hús skáldsins:



Sigurhæðir-Davíðshús. Samfara því sem starfssviðið víkkaði var hálfri stöðu forstöðumanns breytt í heila.

Sjö manns nutu dvalar í gestaíbúð í Davíðshúsi á árinu. Samþykktar voru nýjar reglur fyrir gestaíbúðina, m.a. greiðsla tryggingar- og þjónustugjalda, og dvöl á árinu 2001 var úthlutað samkvæmt þeim.

Í skrifstofum í Sigurhæðum sinntu alls 8 manns orðlistinni eða fræðistörfum á hennar sviði um mislangan tíma, frá 2-3 vikum til rúmlega 3ja mánaða. Aðstaðan var nær fullnýtt fyrri helming ársins, en miður á haustdögum.

Skráðar heimsóknir í hvort hús voru nokkuð á fimmta hundrað, en munu töluvert fleiri, auk þess sem þar er ekki heldur talin með aðsókn að ýmsum samvinnuverkefnum. Hvort hús var auglýst almenningi opið í hálfa aðra klukkustund fjóra daga í viku, sumarmánuðina júní-ágúst. Á öðrum tímum er tekið á móti hópum sem þess óska.

## Námskeið og dagskrár

Boðið var upp á ýmis námskeið og sérstakar dagskrár í „Húsi skáldsins“. Af slíkri starfsemi skal nefna:

1) Alls sóttu nær 40 manns þrjú námskeið á útmánuðum. Slitið var með dagskrá og skírteini afhent í Deiglunni 8. maí.
2) *Ljóðakvöld* voru sex alls á sumrinu til skiptis í húsunum og gestir um 80 alls.
3) *Upplestur Akureyrarskálda:* 17 höfundar - flestir lítt eða ekki þekktir - lásu úr verkum sínum í Deiglunni á útmánuðum og voru gestir hverju sinni 20-40 .
4) Níu bókmenntakynningar voru í Deiglunni á Listasumri í samvinnu við Gilfélagið og gestir 20-70 hverju sinni.
5) Á 105. afmælisdegi Davíðs var opið hús með dagskrá í húsi hans. Á sextugsafmæli Akureyrarkirkju var þess minnst með dagskrá um Matthías að 165 ár væru frá fæðingu og 80 ár frá andláti hans. 40-50 manns komu í hvort skipti.
6) Á málþingi um sögu 1000 ára kristni á Íslandi var Biblíusýning í samstarfi við Amtsbókasafnið. Einnig voru þar flutt trúarljóð frá 12.-20. aldar.
7) Leshringur kvenna, sem hefur komið nær mánaðarlega saman á eigin vegum í húsinu yfir vetrartímann og rætt bókmenntir, hélt áfram starfi sínu.
8) Vegna verkfalls á haustdögum varð ekki af heimsóknum úr framhaldsskólunum en á árinu komu 3 námshópar úr Síðuskóla, 5 úr Brekkuskóla, 1 úr Lundarskóla og 1 af leikskólanum Holtakoti, samtals nær 200 manns.
9) Nokkrir aðrir hópar fengu sérstaka dagskrá, bæði íslenskir og útlendir. Skal getið stjórnenda Hafnarfjarðar- og Akureyrarbæjar, 30 ára hjúkrunarfræðinga, 10 ára stúdenta frá M.A. og norrænna kvenna á Lionsþingi.

## Listasafnið á Akureyri

Gestir á sýningum, fyrirlestrum og í móttökum á árinu voru 9.582. Áætla má að hátt á þriðja hundrað stofnana, fyrirtækja, listamanna og annarra einstaklinga hafi komið að starfsemi Listasafnsins á Akureyri með einum eða öðrum hætti á árinu. Aðalstyrktaraðili Listasafnins var Sparisjóður Norðlendinga. Einnig styrkti Flugfélag Íslands starfsemina.

Á árinu var lokið við að merkja Listasafnið betur og flóðlýsa það. Þá var í árslok gerður samningur við Strik.is um varðveislu á vefsíðu Listasafnsins og auglýsingar á sýningarhaldi. Í árslok hófst svo skráning á listaverkaeign Akur-

# Heiðursborgarar Akureyrar

Matthías Jochumsson var kjörinn fyrsti heiðurborgari Akureyrar þann 11. nóvember 1920, en þann dag varð Matthías 85 ára. Síðan hafa 7 heiðursborgarar bæst við en þeir eru: Finnur Jónsson prófessor (1928), Jón Sveinsson (Nonni) rithöfundur (1930), Oddur Björnsson prentmeistari (1935), Margarethe Schiöth húsfrú (1941), Davíð Stefánsson skáld (1955), Jakob Frímannsson kaupfélagsstjóri (1974) og Steindór Steindórsson skólameistari (1994).

eyrarbæjar á tölvutækt form og er stefnt að því að henni verði lokið vorið 2001.

## Sýningar

Árið 2000 var óvanalega fjölskrúðugt í starfsemi Listasafnsins á Akureyri og einkenndist það af stórum og flóknum verkefnum, en þrjú þeirra voru unnin í samstarfi við annars vegar Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 (@ og *Heimskautslöndin unaðslegu*) og Kristnihátíðarnefnd hins vegar (*Dyggðirnar sjö að fornu og nýju*). Sýningin *Heimskautslöndin unaðslegu* var líka unnin í samvinnu við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Allir þessir samstarfsaðilar lögðu fram verulegt fjármagn og/eða vinnu vegna þessara sýninga.

Fatahönnunarsýningin *Úr og í* var unnin í samstarfi við Eskimo Models, en í tengslum við hana var haldin tískusýning í Skautahöllinni, sú viðamesta sem fram hefur farið á Akureyri.

Umtalaðasta og jafnframt umdeildasta sýning ársins var þó *Losti 2000* og hafa fáar myndlistarsýningar á Íslandi vakið meiri athygli fjölmiðla.

Öllum sýningum í safninu var gerð góð skil bæði í staðbundnum fjölmiðlum og landsfjölmiðlum.

Myndrit 5 - Gestir á sýningum Listasafnsins á Akureyri á árinu 2000




## Aðrir viðburðir og móttökur

Geir Svansson hélt fyrirlestur í mars og Richard Vein í júlí. Þá voru fjölmargar móttökur í safninu, bæði á vegum Bæjarstjórnar Akureyrar og fleiri aðila. Alls komu um 260 gestir í þessar móttökur.

# Minjasafnið á Akureyri

Á sýningar í Minjasafninu komu 4.716 manns. Fullorðnir voru 3.303, þar af 1.950 Íslendingar og 1.353 útlendingar. Börn, þ.m.t. í skipulögðum skólaheimsóknum, voru 1.413. Frá 18. júní til 15.september var safnið opið daglega frá kl. 11-17 og á miðvikudögum frá kl. 11-21, en yfir veturinn á sunnudögum og eftir samkomulagi.

Á viðburðadagskrá kom alls 1.321 gestur, þar af 193 í gönguferðir á vegum safnsins. 720 gestir voru á starfsdögum í Laufási. Á söngvökur í Minjasafnskirkjunni hlýddu 233 og 70 fóru í ferð að Gásum á Menningarminjadegi Evrópu. Um 80 gestir komu á draugavökur og 25 gengu yfir Heljardalsheiði. Gestir í Byggðasafninu í Hvoli voru um 3.000 talsins. Gestir minjasafnanna á Dalvík og á Akureyri voru því ríflega 9.000.

Safnkennari tók á móti 836 nemendum yfir árið í skipulögðum heimsóknum í safnið, þar af 346 nemendum á vorönn og 490 nemendum á haustönn. Tóvinnukassi safnsins var í útláni í sex skólum, en landnámskassi var vistaður hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Af sýningum má nefna að í safninu var fyrir sýningin „Eyjafjörður frá öndverðu“, og þann 18. júní var opnuð sýningin „Akureyri, bærinn við Pollinn“. Er þá lokið uppsetningu nýrra grunnsýninga. ÚA og KEA styrktu sýninguna með veglegum fjárhæðum. Hitaveita Akureyrar og Rafveita Akureyrar veittu einnig styrk, og nokkur fyrirtæki gáfu afslátt af vöruúttekt. Þjóðminjasafn Íslands hefur veitt verkefnastyrki til endunýjunar sýninga Minjasafnsins. Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir myndlistarmaður hannaði umgjörð grunnsýninganna.

Nokkrar skammtímasýningar voru í safninu. Frá vori til áramóta voru sýndar ljósmyndir Sigríðar Zoega frá Þjóðminjasafni Íslands og í september var haldin sýning á munum og ljósmyndum frá nýafstöðnum leiðangri að flaki flugvélarinnar Fairey Battle. Jólasveinamyndir Elsu E. Guðjónsen og útsaumaðir munir úr eigu safnsins voru til sýnis í desember.

Sé litið til framkvæmda lauk á árinu endurnýjun á Norðurhúsi í bili. Breytingum á hlöðu á Naustum III var haldið áfram en stefnt er að því að húsið verði tilbúið sem 300 fermetra geymsla fyrir safnmuni árið 2001. Annar áfangi endurbóta í Minjasafnsgarðinum, í tilefni af 100 ára afmæli 1999, var lagning torgs neðan við Minjasafnskirkjuna. Hlaðinn var garður um kirkjuna að austanverðu og stígur lagður meðfram henni að vestan. Hæsta birkitré landsins mældist í Minjasafnsgarðinum, 14,70 metrar og hæsta reynitréð, 14,30 metrar.

Undirbúin var opnun þjónustuhúss í Laufási. Héraðsnefnd Eyjafjarðar keypti húsið af Prestssetrasjóði og stóð fyrir breytingum á því. Ferðamálaráð Íslands styrkti verkefnið. Húsið verður tekið í notkun á vordögum 2001. Gestir gamla bæjarins í Laufási árið 2000 voru um 11.600 að tölu.

Jón Arnþórsson gerði úttekt á atvinnulífsminjum í sambandi við Iðnaðarsafnið á Akureyri. Í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og menningarfulltrúa Akureyrarbæjar var gerð athugun á möguleikum á framtíðarstað fyrir Atvinnusögusafn.

Hússtjórn Gudmanns Minde fékk 1,9 milljónir króna í styrki til endurbóta á húsinu.

# Búsetu- og öldrunardeild

Verkefni Búsetu- og öldrunardeildar snúast um að veita fólki félagslega aðstoð á heimilu sínu, jafnt þeim sem búa á einkaheimili, samreknu heimili fatlaðra og dvalar- og hjúkrunarheimili. Eitt helsta leiðarljós deildarinnar er að þjónusta skuli veitt í samræmi við þarfir einstaklinga fremur en vegna fyrirfram skilgreinda réttinda tiltekinna hópa fólks. Það á að gera þjónustuna aðgengilegri og opnari og hún miðast ekki við skilgreindan aldur eða fötlun.

Á árinu 2000 tóku gildi samningar um framhald svonefndra reynsluverkefna, bæði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, en þjónusta skv. báðum þessum samningum myndar stóran hluta af verkefnum deildarinnar. Í samningnum við heilbrigðisráðuneytið eru þau nýmæli að hjúkrunarrýmum fjölgar úr 75 í 90 en dvalarrýmum fækkar á móti. Dagvistarrýmum fjölgar úr 12 í 24. Á árinu voru í undirbúningi breytingar á þjónustumiðstöðinni í Víðilundi en þar mun aukin dagþjónusta standa til boða í krafti hinna nýju dagvistarrýma.

Í samningnum er einnig kveðið á um sérstakt framlag til þróunar þjónustu til aldraðra utan stofnana. Það framlag var á síðasta ári m.a. notað til að þróa nýtt verkefni sem kallast „Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra“ og er verkefnið samstarfsverkefni deildarinnar og Heilsugæslustöðvarinnar. Nánar er sagt frá verkefninu hér á eftir.

Um mitt ár var samþykkt stefnumótun um þjónustu við aldraða og gildir hún til fimm ára. Í henni er komið víða við en meðal atriða sem nefna má er að heimaþjónustu skal áfram efla og ekki er stefnt að því að Kjarnalundur verði dvalarheimili til frambúðar, en gerð skal áætlun um hvað komi í staðinn. Stefnumótunina er að finna á heimasíðu bæjarins www.akureyri.is

Hér á eftir er starfsemi deildarinnar og stofnana hennar gerð nánari skil og til samanburðar eru tölur ársins á undan birtar í sviga eftir því sem við á.



## Þjónustuhópur aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra sér m.a. um að meta umsóknir um dvöl á öldrunarstofnunum. Hann starfar á vegum allra sveitarfélaga á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar en starfsmaður hópsins er ráðinn til Akureyrarbæjar. Guðfinna Thorlacius hætti störfum fyrir hópinn á árinu og í staðinn kom Ásta Sigurðardóttir. Kristín Tómasdóttir, sem einnig starfaði fyrir þjónustuhópinn, fluttist til starfa við “Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra”, sem nánar er getið um síðar.

Á vegum þjónustuhópsins var gert þjónustumat á 158 (163) einstaklingum á árinu, þar af var um endurmat að ræða í 60 (94) skipti.

## Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra

Heimsóknirnar eru nýtt verkefni sem hófst á árinu. Það er fólgið í að íbúum 75 ára og eldri á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, sem ekki njóta heimahjúkrunar og búa heima, er boðið upp á tvær heimsóknir á ári af heilbrigðisstarfsmanni. Tilgangurinn með heimsóknunum er m.a. að viðhalda heilbrigði og sjáfstæði eldri borgara sem lengst, að stuðla að öryggiskennd og sjálfstrausti og veita ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er. Til að veita þessa þjónustu voru ráðnar Inga Eydal hjúkrunarfræðingur og Kristín Tómasdóttir iðjuþjálfi.

Heimsóknir hófust í júlí og fengu 447 einstaklingar boð. Af þeim þáðu 306, en 141 var ekki heima eða afþakkaði.

# Öldrunarstofnanir

Á öldrunarstofnunum Akureyrarbæjar er rúm fyrir 180 (174) íbúa. Á dvalar- og hjúkrunarheimilinu í Hlíð geta 82 (75) íbúar verið í hjúkrunarrýmum og 26 í dvalarheimilisrýmum. Í raðhúsum við Hlíð eru 16 dvalarrými, en þar hafa að hluta einnig verið leiguíbúðir sem smám saman hefur verið breytt í stofnanarými. Í heimili aldraðra í Kjarnalundi eru 48 (48) dvalarrými og í sambýli aldraðra að Bakkahlíð 39 eru 8 hjúkrunarrými. Rýmin í Bakkahlíð voru áður dvalarrými en hafa nú verið skilgreind upp á nýtt í samræmi við hærra þjónustustig. Í hjúkrunarrýmum er fólk sem þarf umönnun og hjúkrun, og námu daggjöld kr. 8.925 (7.481) á dag. Í þjónusturýmum er sjálfbjarga fólk og minni þjónusta, og námu daggjöld kr. 3.859 (3.455).

Dagvist fyrir aldraða er rekin í tengslum við dvalarheimilið Hlíð en þangað koma einstaklingar af heimilum sínum í þjónustu og afþreyingu yfir daginn. Heimil dagvistarrými eru 24 (12) og að jafnaði nýtt af um 40 manns. Greiðslur fyrir dagvistarrými námu kr. 2.726 (2.388) á dag. Starfsmenn við framangreinda þjónustuþætti eru 200 (169) í um 116 (110) stöðugildum.

Þjónusta sjúkraþjálfara er veitt í Hlíð og í Kjarnalundi og



á báðum stöðum er aðstaða til líkamsþjálfunar og endurhæfingar. Á árinu var hún veitt í alls 1.301 (2.778) skipti. Þar að auki komu til aðstoðarmanns sjúkraþjálfara 93 (86) einstaklingar í samtals 3.826 (3.572) skipti.

Félagsstarf fyrir íbúa Hlíðar og Kjarnalundar vinnur að þjálfun huga og handar jafnt sem dægrastyttingu fyrir íbúana. Gestir í dagvist, sem nefnd var hér að framan, njóta einnig þjónustu félagsstarfssins. Starfsmenn eru 8 (7) í 4,1 (5) stöðugildum.

Í eldhúsi Hlíðar er einnig eldaður hádegisverður fyrir íbúa Kjarnalundar og Bakkahlíðar 39, heimsendur matur sem seldur er gegnum heimaþjónustu og máltíðir sem eru í boði í þjónustumiðstöðinni Víðilundi. Þar eru 16 (16) starfsmenn í 11,5 (11,5) stöðugildum.

## Heimaþjónusta

Heimaþjónusta Akureyrarbæjar samanstendur af þremur þáttum, hefðbundinni heimilisþjónustu, frekari liðveislu og félagslegri liðveislu. Heimaþjónusta og heimahjúkrun starfa hlið við hlið og eru allar ákvarðanir um þjónustu teknar sameiginlega. Þjónustan skiptist í tvö hverfi og stýra þeim tveir hverfisstjórar.

**Hefðbundin heimaþjónusta** var á árinu veitt 633 (606) einstaklingum á 515 (491) heimilum og 423 (407) höfðu stöðuga þjónustu allt árið. Þjónusta hófst á 108 (111) heimilum og af þeim lauk henni á 26 (26) heimilum. Eins og áður þurfa langflestir, eða 487 (475), þjónustu vegna elli og sjúkleika. Í lok árs störfuðu 37 (37) starfsmenn í 28,4 (29,1) stöðugildum í þessum þjónustuþætti. Heimsendan mat nýttu sér 107 (95) einstaklingar.

**Frekari liðveisla** er í raun sérhæfð heimilisþjónusta sem skal taka við þegar hefðbundinni þjónustu sleppir. Verið er að eyða skilum á milli þessara tveggja þjónustuþátta. Greinarmunurinn er gerður vegna þess að rekstraraðilar voru áður tveir. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra annaðist áður frekari liðveislu skv. lögum um málefni fatlaðra og fluttist hún til bæjarins sem reynslusveitarfélags. Við frekari liðveislu störfuðu á árinu 11 (11) starfsmenn í 4,9 stöðugildum.

**Félagsleg liðveisla** er ætluð þeim sem þurfa félagslega aðstoð við að rjúfa persónulega einangrun og markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Þjónustu fengu 123 (128) einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, samtals í 11.064 (11.964) klst. Hver þeirra fær að jafnaði 10-15 tíma á mánuði og algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern og einn. Á árinu var gerð sú breyting að félagsleg liðveisla við íbúa á sambýlum var flutt til sambýlanna sjálfra og annast forstöðumenn þeirra umsjón hennar. Að félagslegri liðveislu starfa um hundrað manns, yfirleitt í litlu starfshlutfalli.

**Iðjuþjálfi** heimaþjónustunnar veitir ráðgjöf til fólks um hjálpartæki, húsnæðisbreytingar og vinnulag til sjálfsbjargar við athafnir daglegs lífs. Iðjuþjálfanum bárust 52 (32) formleg erindi á árinu, 31 (18) vegna aldraðra og 21 (14) vegna fatlaðra. Þjónusta vegna þessara erinda skiptist í 92 (72) mismunandi mál.

Myndrit 6 - Aldraðir sem fengu heimaþjónustu á árunum 1990-2000




Undanfarin ár hefur heimaþjónusta aukist mikið. Árið 1990 voru viðskiptavinir 298, en árið 2000 voru þeir 487 (sjá myndrit 6). Stofnanarýmum fyrir aldraða hefur fækkað allnokkuð á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, eða um 29 rými á síðustu 10 árum. Íbúum 67 ára og eldri hefur fjölgað um 263 á sama tíma. Það vekur athygli að á sama tíma hefur ekki orðið umtalsverð fjölgun á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum á stofnunum. Árið 1991 voru 12 á biðlista eftir hjúkrunarrýmum en árið 2000 voru þeir 15.

Myndrit 7 - Fjöldi einstaklinga með heimahjúkrun 1995-2000 (á svæði HAK)



## Heimahjúkrun

Heimahjúkrun starfar við hlið heimaþjónustunnar undir faglegri stjórn Heilsugæslustöðvarinnar og deildarstjóri heimahjúkrunar hefur aðsetur á stöðinni. Þjónustan nær til alls heilsugæslusvæðisins, frá Fnjóskadal til Hjalteyrar. Á árinu fengu 385 (364) einstaklingar þjónustu heimahjúkrunar þar af 25 (20) utan Akureyrar. Nýir skjólstæðingar voru 117 (129) og 114 (94) voru útskrifaðir. Stöðugildi hjá heimahjúkrun eru 12,8 (12,8). Myndrit 7 sýnir fjölda viðskiptavina heimahjúkrunar sl. 6 ár.

## Búsetuþjónusta við fatlaða

Búsetuþjónusta við fatlaða hefur að markmiði að sem flestir búi eins og best hentar þörfum þeirra og að hver og einn verði sem sjálfstæðastur. Deildin sér um starfsmannahald á 12 heimilum fatlaðra, sem í daglegu tali kallast sambýli, og stýra 9 forstöðumenn daglegri starfsemi. Íbúar sambýlanna eru 63. Stöðugildi á sambýlunum eru 65,15 (65,4). Á árinu var tekið í notkun nýtt fjölbýlishús með 6 þjónustuíbúðum fyrir fatlaða og aðstöðu fyrir fasta heimaþjónustu. Íbúðirnar eru í daglegu tali nefndar þjónustukjarni og teljast ekki til sambýla enda um einstaklingsíbúðir að ræða og engan samrekstur umfram það sem gengur og gerist í fjölbýlishúsum.

Skömmu eftir að Akureyrarbær tók við þjónustu við fatlaða var komið á þjónustumiðstöð með fjórum stöðugildum við sjálfstæða búsetu fyrir 6 geðfatlaða einstaklinga í 5 íbúðum. Hún starfaði áfram á árinu og hefur þetta fyrirkomulag reynst henta íbúunum vel.

## Skammtímavistun og sumardvöl

Skammtímavistun fyrir fatlaða er ætluð þeim sem búa heima hjá aðstandendum. Þjónustan er veitt í mislangan tíma og er möguleiki á allt að vikudvöl í senn. Á sumrin leggst hefðbundin skammtímavistun af og boðið er upp á sumardvöl í staðinn. Forstöðumaður þjónustunnar hefur í vaxandi mæli milligöngu um að fötluð börn komist í almenna sumardvöl. Gistinætur í skammtímavistun voru 1.221 (1.174). Nýttar nætur voru heldur fleiri en árið á undan, en nætur í boði voru einnig fleiri en nýtingin var um 93,6% (99%). Gestir skammtímavistunar voru alls 18.

# Skóladeild

Hlutverk skóladeilar er að vera leiðandi í stefnumörkun, vinna að áætlanagerð í samráði við skólastjóra, hafa eftirlit með rekstri og faglegu starfi skólanna, stuðla að samstarfi skólastiga og koma fram fyrir hönd skólanna þegar það á við. Einnig að taka við athugasemdum varðandi starfsemi skólanna og vinna úr þeim, leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma, halda utan um biðlista og innritun í leikskóla, safna saman upplýsingum um starfsemi skólanna og koma þeim á framfæri.

Árið 2000 var fyrsta heila starfsár skóladeildar eftir sameiningu skólaskrifstofu og leikskóladeildar. Starfsmenn voru sjö í 5,5 stöðugildum. Starf deildarinnar er enn í mótun en er að taka á sig heildarmynd.

Samkvæmt ákvörðun skólanefndar störfuðu tveir fagráðgjafar á skóladeild á árinu þ.e. í upplýsinga- og tæknimennt og tónlist og tónmennt.

### Styrkir

Á árinu fengu 5 kennarar leik- og grunnskóla styrk í formi starfsafsláttar vegna framhaldsnáms. Einnig voru veittir styrkir alls að upphæð 637.830 krónur á árinu til



ýmissa verkefna s.s. ferða á ráðstefnur, námskeið og vegna kynnisferða.

### Sjóðir

Markmið Umbunar- og gjafasjóðs er að verðlauna einstaka skóla fyrir sérstakt framtak eða atburð sem vekur athygli og er ekki hluti hefðbundins skólastarfs. Einnig er markmið sjóðsins að koma til móts við gjafir til skólanna frá frjálsum félagasamtökum s.s. foreldrafélögum. Á árinu var veitt úr sjóðnum 1.054.250 krónur til fjölbreyttra verkefna, s.s. vegna ferða skáksveitar Lundarskóla til Reykjavíkur og skáksveitar Brekkuskóla á Norðurlandamót grunn-

skóla sem haldið var í Danmörku. Einnig fékk leikskólinn Pálmholt styrk vegna stórafmælis sem haldið var upp á á árinu.

Markmið Þróunarsjóðs er að stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi í leik- og grunnskólum Akureyrar með því að styrkja verkefni sem á einn eða annan hátt stuðla að framförum í skólastarfi. Á árinu var úthlutað styrkjum til 5 verkefna, alls 3.384.940 krónum (sjá töflu 7).

## Tafla 7 - Styrkir úr Þróunarsjóði á árinu

| Skóli | Heiti verkefnis | Upphæð: |
|---|---|---|
| Giljaskóli | Málörvun fyrir börn með mikil þroskafrávik | 692.200 |
| Giljaskóli | Listþjálfun - námshæfni | 652.000 |
| Síðuskóli | Lífsleiknivefurinn | 550.000 |
| Lundarsel | Kennsluleiðbeiningar og efni | 803.740 |
| Pálmholt | Lestrarnám í leikskóla | 687.000 |

## Kynningarfundir í leikskólum

Í janúar og febrúar stóðu deildarstjóri og leikskólafulltrúi fyrir fundum í öllum leikskólunum. Fundirnir voru haldnir á kvöldin og ætlaðir foreldrum og starfsmönnum leikskólanna. Á fundunum var hlutverk og starfsemi skóladeildar kynnt ásamt helstu verkefnum sem skóladeild og skólanefnd ætluðu að vinna að á árinu.

## Sjálfsmat skóla

Skólanefnd ákvað á árinu að kaupa sjálfsmatskerfið Skólarýni af RHA, en það er hugsað til þess að auðvelda grunnskólunum að stunda skipulegt sjálfsmat samkvæmt ákvæðum grunnskólalaganna. Sjálfsmatinu er ætlað að hjálpa starfsmönnum skóla að greina sterka og veika þætti í faglega starfinu.

## Tölvuvæðing

Verið er að vinna að þriggja ára áætlun um tölvuvæðingu í leik- og grunnskólum. Nær hún til kaupa á tölvubúnaði og þess hvernig hann verður best nýttur til að efla skólastarfið. Á árinu voru keyptar í kaupleigu 50 tölvur í grunnskólana og 12 í leikskólana. Einnig fengu Lundarskóli og Glerárskóli 21 tölvu samtals að gjöf. Í lok ársins voru því að meðaltali 15,5 nemendur um hverja nemendatölvu og 5,45 kennarar um hverja starfsmannatölvu.

Flestir skólanna hafa lokið gerð heimasíðu, þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um starf þeirra ásamt myndum úr skólastarfinu. Hægt er að komast inn á þær í gegnum heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

## Skólavistun

Skólavistun er starfandi við alla 6 grunnskólana á Akureyri. Hún er boðin sem hluti af skólastarfinu og er fyrir öll börn í 1.-4. bekk. Þar sem skólarnir eru allir einsetnir er skólavistun opin eftir að reglubundnum skóladegi barnanna lýkur, upp úr hádegi, og er opin til 17:15 en miðað er við að viðverutími barns í skóla og skólavistun sé ekki lengri en 8,5 klukkustundir á dag.

Á yfirstandandi skólaári eru 989 börn í 1.- 4. bekk og að meðaltali nýta 274 börn skólavistunina eða um 27%.

## Sumarvistun

Á árinu var gerður samningur við íþróttafélögin Þór og KA um rekstur sumarvistunar fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Var það gert til að koma þessum rekstri út úr skólunum og tengja starfið betur við íþróttaskóla félaganna. Samkvæmt niðurstöðu könnunar meðal foreldra í haust reyndist mikil ánægja með þetta nýja fyrirkomulag.

## Myndrit 8 - Grunnskólar Akureyrar




# Brekkuskóli

Á vorönn ársins 2000 stunduðu um 570 nemendur nám í skólanum og var það síðasta önnin sem safnskólanemendur úr Lundahverfi og af Oddeyri sátu í Brekkuskóla. 104 nemendur útskrifuðust úr 10. bekk um vorið. Kennt var í Íþróttahöllinni til vorsins en bókleg kennsla þar síðan lögð niður. Haustið 2000 hófu 526 nemendur nám í skólanum.

Öll aldursstig skólans héldu árshátíð á vorönn. Það sem helst vakti athygli var uppsetning yngstu bekkja á söngleiknum Jósep, þar sem yfir 200 nemendur voru saman á sviði ásamt kennurum sínum.

Vegna nýtingar skólahúsanna á haustönn var skipaður starfshópur á sl. vori til að skipuleggja starf skólans þannig að sem best félli að húsakynnum. Naut hópurinn aðstoðar sérfræðings frá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Í samræmi við niðurstöður hópsins var nemendum skipað þannig niður á húsin að 1.-2. bekkur ásamt 7.-10. bekk nýtir efra húsið (áður GA ) og 4.-6. bekkur það neðra (áður BA). Er það nýjung að hýsa yngstu nemendur í gamla GA-húsinu. 1.-2. bekkur hafa sérinngang og leggja undir sig einn gang með sérstökum salernum og nýútbúinni setustofu.

Á haustönn lauk vinnu kennara og skólastjórnenda við skólanámskrá og var hún gefin út í tvennu lagi, annars vegar bekkjarnámskrár vegna náms og kennslu og hins vegar almennar upplýsingar í riti sem nefnist Snigillinn. Þessar

upplýsingar eru allar vistaðar á nýrri heimasíðu Brekkuskóla. Þeir sem þess óskuðu gátu fengið prentaða útgáfu.

Þemavika var í Brekkuskóla á haustönn og unnu allir nemendur þá viku að verkefnum sem tengjast heimabyggð og nánasta umhverfi. Afrakstur þeirrar vinnu var sýndur á göngum skólans.

Í lok ársins unnu kennarar skólans saman að þróunarverkefnum sem snerta ýmis innri mál skólans. Komu þar fram fjölmargar ábendingar um umbætur og urðu breytingar í kjölfar sumra þeirra strax.

Með fækkun nemenda á milli vorannar og haustannar fækkaði starfsfólki einnig. Kennarar á haustönn voru 43 talsins og aðrir starfsmenn 30. Við skólann var rekin starfsdeild fyrir unglinga og voru nemendur þar 6-10 talsins. Starfsmenn deildarinnar voru tveir og sálfræðingur var í 50% starfi við skólann.



## Bröttuhlíðarskóli

Bröttuhlíðarskóli er hluti af Grunnskólum Akureyrar og þjónar grunnskólanemendum sem eiga við aðlögunar- og agavandamál að stríða og geta ekki nýtt sér sérúrræði almenns grunnskóla.

Skólinn starfar á grundvelli laga um grunnskóla, aðalnámskrár grunnskóla og reglugerðar um sérkennslu. Hann lýtur sjálfstæðri stjórn í eigin húsnæði að Bröttuhlíð 6. Nemendur eru 7 og er kennslan að stærstum hluta til einstaklingskennsla en hópkennsla eftir því sem færi gefst á. Aldursblöndun er algeng þar sem kennslan miðast við þarfir, getu og færni nemenda en ekki aldur. Einstaklingsnámskrá segir nánar til um starf hvers nemanda og áherslur í kennslunni.

Foreldrastarf er mjög stór þáttur í starfi skólans og fjölskyldumeðferð/-ráðgjöf er áhersluþáttur sem mikið er lagt upp úr. Þannig á sérhver nemandi og fjölskylda hans kost á vikulegum viðtölum þar sem rædd eru þau atriði sem skipta máli fyrir líðan nemandans og fjölskyldunnar. Ef nemendur eru með persónulegan ráðgjafa eru ráðgjafarnir einnig tengdir þessari ráðgjöf.

Skólinn er einsetinn og með samfelldan starfsdag. Nemendur mæta kl. 8 og eru fram eftir degi, misjafnt eftir aldri, þó aldrei lengur en til kl. 14.30. Skólvistun er ekki við Bröttuhlíðarskóla en hana geta nemendur sótt til heimaskóla síns og er þá veitt ráðgjöf vegna hennar eftir því sem þurfa þykir.

Göngudeildarþjónusta er hluti af starfi skólans og er hún í höndum fjölskylduráðgjafans. Hún sinnir nemendum og fjölskyldum annarra grunnskóla bæjarins þar sem þörf er á. Eðli hvers máls ræður því í hverju þjónustan er fólgin.

## Giljaskóli

Skólaárið 1999-2000 voru 187 nemendur í skólanum í 1.-6. bekk og sérdeild. Starfsmenn voru 43 og þar af 30 sem sinntu kennslustörfum. Kennslan fór fram víða; almenn kennsla í húsnæði skólans, sundkennslan við báðar sundlaugar bæjarins, leikfimikennsla sérdeildar í íþróttahúsi Glerárskóla, almenn leikfimikennsla og smíðar í Oddeyrarskóla. Nemendum var ekið á milli staða. Dreifð kennsla og mikill akstur setti stundaskrárgerð nokkrar skorður og varð stundaskrá eldri nemenda ekki samfelld eins og best hefði verið.

Ný Aðalnámskrá grunnskóla tók gildi í júní 1999 og leysti af hólmi 10 ára gamla Aðalnámskrá. Nýja námskráin er mun ítarlegri en sú fyrri og setur skólunum ákveðnari ramma. Skólarnir hafa þrjú ár til að laga starfið að námskránni. Á yfirstandandi skólaári var hafist handa við kennslu í lífsleikni sem er nýtt fag í skólanámskrá.

Skólinn vill leitast við að mæta þörfum nemenda, m.a. með því að byggja á fjölbreytni í kennsluaðferðum og miðar endurmenntun kennara að því að styrkja þá í starfi. Haldið var áfram með þróunarverkefni í lestri, margir kennarar sóttu tölvunámskeið og ýmislegt annað var í boði, s.s. um sorg og áföll í hópi nemenda, agastjórnun, samvirkt nám, samtalstækni og auk þess ýmis námskeið tengd sérkennslu og stjórnun.

Til viðbótar hefðbundinni kennslu var unnið að þemaverkefni, „Einu sinni var fyrir 1000 árum“. Var það einstaklega vel heppnað þema um landnám, ferðir víkinga, goðatrú, kristnitöku og fleira. Um var að ræða þriggja daga vinnu og nemendum skipað í hópa þvert á aldur. Í stað hefðbundinnar árshátíðar var opið hús í lok þemadaga, nemendur sýndu vinnu sína og foreldrar seldu kaffi. Í október var íþróttadagur og í mars útivistardagur. Í maí var á döfinni hefðbundið umhverfisátak þar sem nemendur taka til á skólalóð og í nánasta umhverfi og skólaárið endaði síðan á skólaferðalögum og vorhátíð foreldrafélagsins.

Kennsla á vegum Tónlistarskólans hefur aukist á milli ára og er það mjög ánægjulegt. Stofnuð var Blásarasveit Giljaskóla og hefur starfsemi hennar blómstrað.

## Glerárskóli

Í Glerárskóla eru 448 nemendur í 1.-10. bekk í 22 bekkjardeildum. Við skólann starfa 39 við kennslu og stjórnun og 16 við önnur störf. Við íþróttahús og sundlaug starfa 7 manns. Skólinn er einsetinn og hafa nemendur í 1.- 7. bekk sína heimastofu. Í 8.-10. bekk fer kennslan að mestu fram í faggreinastofum.

Á skólaárinu vann Glerárskóli að þróunarverkefni sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla Akureyrar vorið 1999. Verkefnið hlaut nafnið Glerverk. Þróunarverkefnið beindist að því að þróa aðferðir til að leggja mat á skólastarf með áherslu á viðhorf nemenda og foreldra til ákveðinna þátta skólastarfsins. Einnig var þróuð aðferð til þess að standa skólasamfélaginu skil á niðurstöðum matsins á aðgengilegan hátt, ásamt því að finna leiðir til að efla upplýsingastreymi á milli skóla og heimila.

Á Öskudaginn var haldinn stór fundur með kennurum úr öðrum skólum og fenginn fyrirlesari sem talaði um kulnun í starfi. Á sl. hausti var hafin vinna við starfsmannahandbók og var unnið mikið í henni fram að áramótum og er ætlunin að halda þeirri vinnu áfram. Í september voru kynningarfundir fyrir foreldra allra nemenda og var aðsókn góð. Þá var einnig haldinn fundur með foreldrum, sem eiga börn í fyrsta skipti í Glerárskóla.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember. Allir 9. bekkjar nemendur í bænum komu saman í samkomusal skólans og hlustuðu á framsöguræður um ýmis álitamál tengd íslenskri tungu. Í sama skyni fóru 8. bekkingar í Brekkuskóla og 10. bekkingar í Lundarskóla. Nemendur í 1.-5. bekk teiknuðu málshætti og stóra upplestrarkeppnin var sett. Allt fór þetta fram með stakri prýði og var nemendum til sóma. Seinni hluta nóvembermánaðar komu tveir bændur í skólann og fræddu nemendur unglingadeilda um nútímabúskap í sveit.

Samræmd próf voru í 4. og 7. bekkjum í október og var frammistaða nemenda mjög góð.

## Lundarskóli

Lundarskóli varð heildstæður hverfisskóli með 1.-10. bekk haustið 2000. Nemendur á vorönn voru 440 en á haustönn 502. Við skólann eru nú um 70 starfsmenn.

Vorið 2000 var tekin í notkun langþráð stjórnunarálma með sal, skólasafni, vinnuaðstöðu fyrir kennara, skrifstofum, eldhúsi og fleiru. Mikill munur var að fá gott miðrými og er salurinn mikið notaður, bæði af skólanum og félagasamtökum í hverfinu og bænum. En þrátt fyrir tilkomu nýbyggingarinnar er húsnæðisþörf skólans ekki fullnægt og því er þar ennþá ein færanleg skólastofa. Skólinn hélt upp á 25 ára afmæli sitt 27. maí um leið og nýbyggingin var formlega tekin í notkun og skólaslit fóru fram.

Tölvukennslan er samkvæmt námskrá kennd frá 5. bekk og upp úr, einn klukkutími á viku fyrir hvern bekk. Áherslan í endurmenntun kennara er að læra á tölvur og nýtingu þeirra í kennslu. Kennarar eru að tileinka sér tölvuforritið Stundvísi. Nýjar tölvur voru settar í tölvustofuna og þá gaf Eimskip nokkrar tölvur sem notaðar eru í stofum yngri nemenda.

Skipulegar heimsóknir foreldra eru fastur þáttur í foreldrasamstarfi, þ.e.a.s. foreldi kemur til að sjá barn sitt í vinnuumhverfi þess í skólanum. Hverju foreldri er úthlutuð ein vika til að koma í styttri eða lengri heimsóknir. Allir foreldrar fengu bréf stílað á vinnuveitendur þar sem þeir voru beðnir að vera liðlegir við fólk svo það gæti komið. Þetta átak hefur heppnast mjög vel, foreldrar eru mjög duglegir að koma og varla líður sá dagur að ekki séu foreldrar í heimsókn.



Áhersla var lögð á samræmingu á milli bekkja hvað varðar upplýsingar um skólastarfið til heimilanna og er áætlun um heimanám og skólanám send heim með 1.-7. bekk vikulega. Fréttabréfið Lundur kemur út 2-3 sinnum á vetri. Einnig gefa nemendur eldri bekkja út ýmis blöð fyrir nemendur.

Samstarf var aukið innan hvers árgangs þar sem reynt var að mæta hverjum og einum nemanda betur með ýmiss konar skiptingum á árgangahópnum. Fagstjóri vann að þessum málum. Námskeið um einstaklingsnámskrá var haldið fyrir alla kennara og leiðbeinendur að haustinu. Vinna við endurskipulagningu á nemendaverndarteyminu stendur enn yfir svo og endurskoðun á skipulagi allrar vinnu með börnum með sérþarfir. Sífellt þarf að leita nýrra lausna og reyna að finna leiðir til að nýta betur þá kennslutíma sem skólinn fær í þennan málaflokk.

Þrír útivistardagar eru á vetrinum sem allir nemendur taka þátt í, göngudagur að hausti, útivistardagur um miðjan vetur og umhverfisdagur í maí. Skólafærninámskeið var haldið í annað sinn á haustönninni fyrir foreldra sem ekki hafa áður átt börn í skólanum. Þá er í undirbúningi að hafa skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 7. bekk sem er ætlað að undirbúa foreldrana undir starf með skólanum í unglingadeild.

## Oddeyrarskóli

Í Oddeyrarskóla voru á vorönn 182 nemendur í 1.-9. bekk en á haustönn 194 nemendur í 1.-10. bekk. Í september voru starfsmenn 37 í um 27 stöðugildum.

Oddeyrarskóli ætlar að nýta sér á jákvæðan hátt fámenni skólans og leggja mikið upp úr samstarfi kennara á hverju stigi og samkennslu árganga. Skólaárið 1999-2000 tóku flestir kennarar skólans þátt í þróunarverkefni þar sem áhersla var lögð á samvinnu bekkja og kennara. Vinna af þessu tagi hefur félagslega þýðingu og getur haft forvarnagildi, t.d. í eineltismálum.

Skólastarfinu er skipt upp í þrjár annir. Á hverri önn er

hefðbundin kennsla brotin upp í 1-2 daga og unnið að þematengdum viðfangsefnum, óháðum bekkjum og aldri. Samkvæmt nýrri námskrá fer nú fram nokkur endurskoðun á stöðu verkgreina, t.d. smíðakennslu. Þar er skólinn að fikra sig áfram á nýrri braut og auka vægi hönnunar og teikninga og notkunar ýmissa tölvuforrita í tengslum við hefðbundna smíðakennslu. Í endur- og símenntun kennara er lögð áhersla á færni í tölvunotkun, lífsleikni og raungreinakennslu. Eineltismálin hafa verið í brennidepli í vetur hjá öllu starfsfólki skólans, sem hefur tekið þátt í faglegri vinnu og gerð eineltisáætlunar undir stjórn Ingibjargar Auðunsdóttur, frá RHA.



Mikið er lagt upp úr upplýsingastreymi til foreldra um gang skólastarfsins og hefur þriggja anna kerfi nýst best þar. Fyrir utan hefðbundið mat og skil til nemenda og foreldra á annaskiptum, fá foreldrar á mið- og efsta stigi sent heim formlegt mat á gengi barna sinna á u.þ.b. 6 vikna fresti. Kennarar yngstu barna senda slíkt mat heim oftar. Í tengslum við innra mat á skólastarfi hafa foreldrar nemenda í 4., 7. og 9. bekk svarað spurningalistum um ýmsa þætti skólastarfsins í tölvuveri skólans. Áfram verður haldið með þá könnun á vordögum.

Í haust hófst nám í 10. bekk við skólann eftir margra ára hlé og hefur verið talsverð vinna að útbúa ramma utan um unglingastigið. Valgreinar í 10. bekk eru í samstarfi við aðra grunnskóla bæjarins og fara nemendur á milli skóla ákveðna daga í viku.

Í júní hófust framkvæmdir við viðbygginguu skólans og miðar verkinu vel. Áformað er að nýbyggingu og endurnýjun á eldra húsnæði skólans verði lokið um miðjan júlí 2001.

## Síðuskóli

Í Síðuskóla voru 564 nemendur í janúar 2000 og bekkjardeildir 28 talsins frá 1.-10. bekk. Á nýju skólaári í byrjun september 2000 voru nemendur 532. Í fyrsta bekk hófu 47 nemendur nám í þremur bekkjardeildum en 59 nemendur í þremur bekkjardeildum luku námi í 10. bekk vorið 2000. Starfsmenn skólans eru 78 og þar af eru 42 kennarar og 2 þroskaþjálfar sem starfa í sérdeild en þar er líka einn sérkennari. Fjöldi leiðbeinenda er svipaður og á síðastliðnu ári eða 8 og af þeim eru 3 sem ljúka kennsluréttindanámi í vor. Í vistun eru skráðir um 50 nemendur í 1.-4. bekk.

Litlar breytingar hafa orðið á húsnæði skólans en nýja kennsluálman kemur vel út. Frá hausti 2000 er kennt í tveimur stofum í Glerárkirkju og lausar kennslustofur eru þrjár. Enginn tónmenntakennari er starfandi við skólann og tónmenntastofan er notuð sem bekkjarstofa. Einni deild í 1. bekk er kennt í lítilli kennslustofu sem áður var notuð fyrir sérkennslu og stuðning. Allt útlit er fyrir að skólinn þurfi að nota kennslustofurnar í Glerárkirkju áfram skólaárið 2001-2002. Eins og verið hefur eru íþróttir 1.-7. bekkjar kenndar á Bjargi en íþróttir í 8.-10. bekk í Íþróttamiðstöð Glerárskóla svo og sund hjá öllum bekkjum.

Reynslan af starfsemi sérdeildar fyrir einhverfa er góð og foreldrar sem eiga börn þar hafa lýst yfir ánægju sinni með starfið. Í deildinni eru þrír nemendur. Deildin hefur sinnt ráðgjöf til grunnskóla í nágrenninu og hafa margir kennarar komið í heimsókn til að skoða aðstæður og kynnast starfi deildarinnar.

Námsráðgjafi í hálfu starfi hefur nú starfað í rúmt ár við skólann og lofar það starf góðu en ekki veitti af að hafa námsráðgjafa í fullu starfi í skóla á stærð við Síðuskóla.

Á árinu var unnið að einu þróunarverkefni sem var Skólahandbók Síðuskóla en í handbókina verður safnað fjölmörgu um starfsemi skólans sem nauðsynlegt er að eiga til skriflegt.

## Tónlistarskólinn á Akureyri

Skólastarf í Tónlistarskólanum á Akureyri var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Nemendur í hljóðfæra- og söngnámi voru 411 og í árslok 2000 voru 68 nemendur á biðlista. Tónleikar á vegum skólans voru um 100 á árinu.

Hafin var kennsla í íslenskri tónlistarsögu sem skiptist niður á tvö ár og fjallar að mestu um tónlist 20. aldarinnar. Kynningarvika TA var haldin í febrúar. Þá var brotin upp hefðbundin kennsluvika og nemendur héldu tónleika í leikskólum, fyrirtækjum og stofnunum.

Sex námskeið voru haldin á vegum skólans sem bæði nemendur og kennarar sóttu. Kennarar Tónlistarskólans voru þátttakendur á haustnámskeiði fyrir Tónlistarskóla á Norðurlandi sem haldið var á Dalvík í september.

Þann 5. nóvember voru haldnir tónleikar í Akureyrarkirkju til minningar um Jakob Tryggvason organista og fyrrverandi skólastjóra Tónlistarskólans. Þessir tónleikar voru samstarfsverkefni Akureyrarkirkju og Tónlistarskólans.

Vegna aðstöðuleysis til tónleikahalds á Akureyri hefur skólinn sótt talsvert út fyrir bæjarmörkin og mikið af tónleikahaldi skólans fer nú fram í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

# Leikskólar

Akureyrarbær rekur 11 leikskóla og dvöldu þar í árslok samtals 863 börn og skiptust þannig:

Árholt v/Háhlíð, 55 börn í 4-6 tíma dvöl,
Iðavöllur, Glerárkirkju, 37 börn í 4-9 tíma dvöl,
Lundarsel, Hlíðarlundi 4, 104 börn í 4-9 tíma dvöl
Flúðir v/Þingvallastræti, 123 börn í 4-9 tíma dvöl,
Síðusel v/Kjalarsíðu, 92 börn í 4-9 tíma dvöl.
Holtakot, Þverholti 3, 40 börn í 4-9 tíma dvöl,
Pálmholt v/Þingvallastræti, 56 börn í 4-9 tíma dvöl
Sunnuból, Móasíðu 1, 35 börn í 4-9 tíma dvöl,
Krógaból, Glerárkirkju, 89 börn í 4-9 tíma dvöl,
Klappir, Brekkugötu 34, 37 börn í 4-9 tíma dvöl,
Kiðagil v/Kiðagil, 128 börn í 4-9 tíma dvöl.

Auk þess styrkir bærinn eftirtalda leikskóla: Hlíðaból, leikskóla Hvítasunnukirkjunnar v/Skarðshlíð. Þar eru 65 börn í 4-9 tíma dvöl. Álfastein, leikskóla Glæsibæjarhrepps, en þar kaupir Akureyrarbær pláss fyrir 2 börn.

Á árinu var fjölgað um 9 leikskólarými á Lundarseli, 15 rými á Flúðum, 5 á Síðuseli, 5 á Pálmholti, 5 á Sunnuböli og 20 á Kiðagili. Alls var því fjölgað um 59 leikskólarými og í þau komust 69 börn. Heildarfjölgun barna á árinu varð þó ekki nema 43 börn vegna þess að fleiri börn eru nú í lengri vistun, þ.e. í 6,5-9,5 tíma vistun (sjá myndrit 9).

Myndrit 9 - Nýting á leikskólarýmum




Á umsóknarlista eftir leikskólaplássi voru um áramót 409 börn, þar af voru 115 börn sem voru 2ja ára og eldri. Að auki voru 47 börn á listanum sem ekki eiga lögheimili á Akureyri.

## Framkvæmdir

Á árinu var hafist handa við nýbyggingu á leikskólanum Iðavelli og var gamla húsið rifið. Iðavöllur flutti starfsemi sína í suðurhluta kjallara Glerárkirkju á meðan verið er að byggja nýja húsið. Nýr Iðavöllur verður fjögurra deilda leikskóli með 90 rýmum og verður flutt í hann í lok mars 2001.



Gerðar voru breytingar á húsnæði Lundarsels, starfsmannaaðstaða var flutt niður í kjallara og leiksalur stækkaður. Við leikskólana Flúðir og Kiðagil voru settar niður lausar kennslustofur. Leikskólinn Síðusel fékk afnot af gæsluvallarhúsinu við Bugðuvöll og notar það við smíðavinnu.

## Almennt um starfsemina

Leikskólarnir starfa eftir lögum um leikskóla nr. 78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskóla og eru allir leikskólarnir að vinna sína eigin skólanámskrá.

Heimiluð stöðugildi í leikskólum Akureyrarbæjar í desember voru 140,53 og hlutfall leikskólakennara við kennslu barna var 40,3%.

Í leikskólum fer fram fjölbreytt og litríkt starf og kynningarbæklingar eru til fyrir hvern leikskóla á skóladeildinni og í þjónustuanddyrinu. Eru foreldrar hvattir til að kynna sér starfsemi þeirra leikskóla sem þeir sækja um fyrir börn sín og fá að heimsækja og skoða skólana.

Ljósmyndasýning Nova 2000 var sett upp í Íþróttahöllinni á Akureyri og bar hún heitið „Akureyri séð með augum leikskólabarna". Börn frá leikskólanum Árholti sungu er forsetar Íslands og Finnlands komu í heimsókn til Akureyrar í september.

Leikskólarnir vinna eftir ákveðnu dagskipulagi en jafnframt því halda þeir í gamlar hefðir og gera sér dagamun. Haldin eru þorrablót, öskudagsskemmtanir, farið í skrúðgöngu 17. júní og haldið er upp á dag íslenskrar tungu. Ýmsar uppákomur eru, s.s. náttfataball, listaverkasýningar og leiksýningar. Farið er í vettvangsferðir og gestir koma í heimsókn, t.d. lögreglan. Þrátt fyrir þetta allt er það fyrst og fremst hið stóra og smáa sem kemur upp á í daglegu lífi leikskólabarnanna sem mestu máli skiptir.

## Fræðsla og rannsóknir

Sameiginlegur námskeiðsdagur var haldinn fyrir allt starfsfólk leikskóla Akureyrarbæjar og starfsfólk leikskól-

anna í nágrannasveitarfélögunum. Þórkatla Aðalsteinsdóttir flutti fyrirlestur um *„Aga og atferlismótun leikskólabarna"*.

Fjölbreytt námskeið voru í boði fyrir starfsfólk leikskólanna eins og undanfarin ár. Má þar nefna nýliðanámskeið, kjarna- og valgreinanámskeið auk sérhæfninámskeiðs. Allir starfsmenn sóttu námskeið í samtalstækni og starfsmannaviðtölum og einnig voru haldin námskeið fyrir starfsmenn sem vinna við sérkennslu í leikskólum. Starfsmenn sóttu tölvunámskeið og námskeið sem haldið var á vegum Krabbameinsfélags Akureyrar. Leikskólastjórar og matráðar sóttu námskeið um Gámes-gæðakerfi í eldhúsi. Leikskólakennarar sóttu m.a. námskeið um skimun og námskeið ætlað deildarstjórum á leikskólum.



Leikskólastjórar á Akureyri og í nágrannasveitarfélögunum, leikskólafulltrúi, leikskólaráðgjafi og sérfræðingur skólaþróunarsviðs RHA fóru í kynnisferð til Randers í Danmörku þar sem leikskólar voru skoðaðir.

Leikskólinn Lundarsel fékk áframhaldandi styrk frá Þróunarsjóði leikskóla til að vinna verkefnið *„Íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sem uppspretta heimspekilegrar samræðu meðal leikskólabarna"*.

Leikskólinn Klappir tók áfram þátt í Evrópuverkefni með styrk frá Comenius, ásamt fjórum öðrum leikskólum, frá Hollandi, Englandi, Ungverjalandi og Ítalíu.

Leikskólinn Pálmholt varð 50 ára á árinu og þar var haldin vegleg afmælishátíð. Einnig var haldið kvöldverðarboð í boði Akureyrarbæjar, fyrir gesti á Reggíoráðstefnu sem haldin var á Akureyri í júní.

Eins og undanfarin ár koma nemar út í leikskólana en það er liður í námi þeirra. Fyrst og fremst eru þetta nemar frá leikskólakennarabraut HA en einnig koma nemar frá VMA. Nemarnir vinna ýmis verkefni innan leikskólans sem koma starfseminni til góða. Leikskólastarfsmenn frá Dalvík, Grenivík og Húsavík komu í heimsókn til að kynna sér starfsemi leikskólanna á Akureyri.

## Gæsluvellir - Dagmæður

Eyrarvöllur var eini gæsluvöllurinn sem starfræktur var allt árið 2000 og jókst aðsókn að honum á árinu miðað við árið 1999. Bugðuvöllur var starfræktur frá áramótum til 1. september og var aðsókn að honum svipuð og árið 1999. Byggðavöllur var starfræktur frá 1. júní til 31. ágúst og dróst aðsókn að honum verulega saman miðað við árið 1999. Á Borgarvelli var starfræktur smíðagæsluvöllur í 6 vikur í júní og júlí og dróst aðsókn að honum lítillega saman miðað við árið 1999.

Opnunartími gæsluvallanna er frá kl. 13-16 síðdegis. Húsnæði Lundavallar er í leigu en Skátafélagið Klakkur hefur þar hluta af starfsemi sinni.

Í árslok 2000 voru 24 dagmæður starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 109.

# Íþrótta- og tómstundaráð Akureyrar

Íþrótta- og tómstundadeild heyrir undir félagssvið og hefur aðsetur í Glerárgötu 26. Þar eru til húsa skrifstofur íþrótta- og tómstundafulltrúa, forstöðumanns tómstundastarfs í skólum og forstöðumanns Skíðastaða í Hlíðarfjalli ásamt aðstöðu móttökufulltrúa.

Íþrótta og tómstundaráð Akureyrar fer með yfirstjórn íþrótta- og tómstundamála á vegum sveitarfélagsins og hélt ráðið alls 21 fund á árinu.

## Styrkir til félaga

Að vanda var úthlutað styrkjum til ýmissa félaga og félagasamtaka á árinu. Þeir voru sem hér segir:

Tafla 8 - Styrkir til félaga

| | **Krónur** |
|---|---|
| Styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga: | 53.100.981 |
| Uppbyggingarstyrkir til íþróttafélaga: | 7.382.502 |
| Styrkir til leiðbeinenda og þjálfara: | 728.677 |
| Afreks- og styrktarsjóður: | 1.816.931 |

## Afreks- og styrktarsjóður

Um 200 manns sátu hóf ÍTA í Íþróttahöllinni þann 28. desember þar sem íþróttafélögum var veitt fé úr Afreks- og styrktarsjóði, samtals um 1.370.000 krónur, vegna landsliðsmanna og sérstaks árangurs. Auk þess var einstaklingum, sem hlutu Íslandsmeistaratitil á árinu 2000, veitt viðurkenning ÍTA, en það er veglegur minnispeningur Íþrótta- og tómstundaráðs, alls 109 viðurkenningar.

Þá heiðraði ÍTA að þessu sinni þrjá heiðursmenn fyrir störf þeirra að íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi, þá Hallgrím Skaptason, Kristján Ísak Valdimarsson og Pál A. Magnússon.



## Íþróttahöllin

Mikil starfsemi var í Íþróttahöllinni á árinu eins og undanfarin ár. Verkmenntaskólinn og Brekkuskóli voru með íþróttakennslu sína í húsinu en um helgar og eftir kl. 17.00 virka daga fóru fram æfingar íþróttafélaga. Einnig var mjög mikið um mót og keppnir í hinum ýmsu íþróttagreinum í húsinu. Utan þessara hefðbundnu þátta fór m.a. fram Landsmót lúðrasveita, vöru- og þjónustusýningin “Daglegt líf”, hluti af dagskrá vegna heimsóknar forseta Íslands til Akureyrar, bílasýning og hinar ýmsu veislur og þing.

Brekkuskóli hafði húsnæði á efri hæð til leigu til bóklegrar kennslu fyrri hluta ársins. Vaxtarræktin er með starfsemi sína í húsinu sem og Kraftlyftingafélag Akureyrar, sem rekur starfsemina sína í Jötunheimum.



## Akureyrarvöllur

Þór, KA og Nökkvi léku heimaleiki sína í knattspyrnu á vellinum og UFA æfði og keppti í frjálsum íþróttum. Þá tók knattspyrnulið KA á móti hinu fornfræga enska knattspyrnuliði Stoke City FC í vináttuleik. Á vordögum var haldið mjög fjölmennt vélsleðamót á vellinum.

## Íþróttamiðstöð Glerárskóla

Samanlagður fjöldi gesta yfir árið í mannvirkin sem heyra undir Íþróttamiðstöð Glerárskóla var ríflega 170.000. Þar af komu um 107.000 manns í Íþróttahús Glerárskóla en um 63.750 í sundlaugina.

### Íþróttahús

Mjög góð nýting var á íþróttahúsi Glerárskóla á árinu. Skólar nýttu alla tíma frá kl. 08.00-15.00 virku dagana. Þá tóku við leigutímar fram til kl. 23.00, sem einnig voru nokkuð vel nýttir. Þess utan voru fjölmörg mót í salnum um

helgar allan veturinn, s.s. í körfubolta, fimleikum og badminton. Húsið er einnig notað fyrir skólaskemmtanir Glerárskóla og fleiri stærri viðburði.

### Sundlaug

Sundlaugargestir voru um 63.750 á árinu. Sex skólar nýttu sér aðstöðuna til kennslu. Auk þeirra nýttu ellilífeyrisþegar, fatlaðir, Gigtarfélagið, Íþróttafélagið Eik og almenningur sundlaugina alla daga vikunnar.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að hafa annan opnunartíma fyrir almenning í tvo mánuði yfir sumarið. Einnig var lauginni breytt í leikhús í nokkra daga í júní þar sem Skagaleikflokkurinn flutti verk sem fram fer í vatni, í tilefni af afmælishátíð Bandalags íslenskra leikfélaga.



## Sundlaug Akureyrar

Á árinu 2000 var haldið áfram með uppbyggingu og breytingar á Sundlaug Akureyrar og voru nýir búningsklefar fyrir karlmenn teknir í notkun.

Aðsókn var mjög góð og 333.140 gestir heimsóttu sundlaugina á árinu. Mest var aðsóknin í júlímánuði en þá komu 46.386 gestir. Aðsóknin skiptist þannig: Fullorðnir 144.920, börn 90.779, 67 ára og eldri 22.526, öryrkjar 4.392, skólanemendur voru 54.340 og á sundæfingar hjá sundfélaginu Óðni komu 16.183.

Sundlaugin var opin 362 daga árinu eða í 4.766 klukkustundir, sem þýðir að 920 gestir komu í sundlaugina að meðaltali á dag eða 70 gestir á klukkustund.

Nokkur ný tæki bættust við í fjölskyldugarðinn. Vinsældir fjölskyldugarðsins sýna glögglega þörf á áframhaldandi uppbyggingu hans á næstu árum.

## Íþróttahúsið við Laugargötu

Hefðbundinn rekstur var í íþróttahúsinu á árinu. Brekku- og Giljaskóli hafa afnot af húsinu yfir daginn en á kvöldin og um helgar er húsið leigt til afnota fyrir hópa og einstaklinga sem æfa blak, körfubolta, badminton og aðrar íþróttagreinar.

## Íþróttaskemman

Rekstur Íþróttaskemmunnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Húsið var leigt út til íþróttafélaga og einstaklinga en einnig voru haldnir nokkrir tónleikar í húsinu.

Veturinn 2000/2001 verður síðasti veturinn sem Íþróttaskemman verður notuð til íþróttaiðkunar og tónleikahalds á vegum Akureyrarbæjar þar sem húsið hefur verið selt og nýir eigendur munu taka við því sumarið 2001. Hreiðar Jónsson, umsjónarmaður Íþróttaskemmunnar, lét af störfum á árinu vegna veikinda en Geir Kristinn Aðalsteinsson hefur gegnt starfi hans sl. tvö ár.

## Skíðastaðir

Rekstur Skíðastaða gekk sæmilega vel á árinu, þrátt fyrir léleg snjóalög og slæmt veður. Rekstrardagar voru 81 sem er þokkalegt. Því miður féllu flestar helgar út og til marks um það seldust aðeins um 12.500 dagskort, samanborið við 18.600 árið áður. Veður og snjóalög á haustmánuðum urðu til þess að hægt var að opna skíðasvæðið 18. nóvember og var opið nær allan desembermánuð.

Fjöldamörg skíðamót fóru fram í Hlíðarfjalli en hæst ber að vanda Andrésarleikana. Þátttakendur í þeim voru rúmlega 800 og með þeim um 500 foreldrar, þjálfarar og fararstjórar.

Helsta framkvæmdin á árinu var lokafrágangur og vígsla Strýtu, 340 fermetra bjálkahúss á þremur hæðum. Um er að ræða glæsilegt hús þar sem í eru veitingasalur fyrir 60 manns, snyrtingar, geymslur og aðstaða fyrir stjórnun skíðamóta. Þá var einnig fram haldið framkvæmdum við að slétta brekkurnar og var sérstök áhersla lögð á Norðurbakka að þessu sinni.

Á árinu lét forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, Ívar Sigmundsson, af störfum og við starfi hans tók Guðmundur Karl Jónsson. Forstöðumaðurinn ásamt íþrótta- og tómstundafulltrúa ferðuðust til Austurríkis í október á skíðamannvirkjasýningu þar sem kynntar voru helstu nýjungar á sviði reksturs skíðasvæða.

## Tómstundastarf í skólum

Íþrótta- og tómstundadeild hefur um áratugaskeið unnið að félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga. Fimm félagsmiðstöðvar eru starfandi úti í hverfum bæjarins. Starfsvettvangur tómstundastarfs grunnskólanna er í félagsmiðstöðvunum en þær eru Stjörnuveröld í Brekkuskóla, Félund í Lundarskóla, Himnaríki í Glerárskóla, Undirheimar í Síðuskóla og Oddféló í Oddeyrarskóla. Á árinu var Félund í Lundarskóla opnuð aftur eftir að nýtt húsnæði við skólann var tekið í notkun. Félagsmiðstöðvarnar eru í sal skólanna og nærliggjandi rýmum.

Í byrjun árs var tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á opið hús í félagsmiðstöðvunum seinni hluta dags frá kl. 17:00-19:00. Einnig var opið þriðja hvert föstudagskvöld. Tilgangur þeirrar opnunar er sá að unglingarnir muni síður leita í miðbæinn.



Könnun var gerð á aðsókn í félagsmiðstöðvarnar á árinu, m.a. var könnuð þátttaka eftir kynjum.

Á árinu var boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða og einnig hafa unglingarnir og börnin fengið tækifæri til þess að hafa sjálf bein áhrif á uppbyggingu starfsins en innra starf félagsmiðstöðvanna er mjög fjölbreytt.

## Kompaníið

Í Kompaníinu hefur verið blómleg starfsemi á árinu. Fleiri og fleiri nýta sér aðstöðuna og á fjölbreyttari máta. Borðtennis, „pool“, pílukast og tölvur hafa haft mikið aðdráttarafl fyrir þá sem vilja kíkja inn. Mikil gróska er í tónlistarlífi hjá unga fólkinu og vantar tilfinnanlega æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir í bænum.

Klúbbastarf hefur aukist og eru nú 7 klúbbar með aðstöðu. Það eru Fjörfiskar, sem er klúbbur fatlaðra ungmenna; fjöllistahópur; tónlistarklúbbur; ferðahópur, stuttmyndaklúbbur, danshópur og Áhugaljósmyndaklúbbur Akureyrar. Einnig hefur Leikklúbburinn Saga haft aðstöðu fyrir undirbúning og æfingar fyrir Fenris, samnorrænt leiklistarverkefni. Fjölmörg önnur félög, félagasamtök og einstaklingar nýttu sér á árinu þá aðstöðu og þjónustu sem í boði er í Kompaníinu.

Kynning á því sem í boði er fyrir ungt fólk á Akureyri var í Kompaníinu í september þar sem fjölmörg fyrirtæki og stofnanir tóku þátt og er markmiðið að gera þetta að árvissum viðburði.

Unglist var haldin 3.-11. nóvember. Fjöldinn allur af ungu fólki tók þátt í að gleðja og skemmta bæjarbúum með frábærum sýningum víða um bæinn.

Stöðugt er unnið að upplýsingaöflun um málefni er varða ungt fólk og er Kompaníið í góðum tengslum við aðila, innanlands og og utan, sem starfa á sama vettvangi. Kompaníið hefur opnað heimasíðu og er slóðin www.nett.is/kompani

## Tómstundastarf aldraðra

Tómstundastarf fyrir aldraða fór fram í Þjónustumiðstöðinni við Víðilund, í kjallara Bjargs við Bugðusíðu og í Húsi aldraðra.

Í Víðilundi var selt síðdegiskaffi alla virka daga og hádegisverður var seldur tvisvar í viku. Auk þess var hægt að fá þjónustu í sambandi við hársnyrtingu og fótaaðgerðir.

Í mars stóð tómstundastarfið fyrir stórskemmtun í Sjallanum fyrir eldri borgara og aðventuskemmtun í Víðilundi í byrjun aðventu en báðar þessar skemmtanir eru orðnar fastir liðir í starfseminni.

Tómstundastarf aldraðra mun flytjast aftur til Búsetu- og öldrunardeildar frá áramótum 2000/2001 en öll samskipti við Félag aldraðra munu áfram verða í umsjón ÍTA.

## Punkturinn

Árið var viðburðaríkt og þar ber hæst norrænar sumarbúðir Heimilisiðnaðarfélags Íslands, sem haldnar voru 7.-12. júlí. Þar voru samankomnir 75 einstaklingar á öllum aldri frá Norðurlöndunum og unnu að íslenskum heimilisiðnaði.

Á sýningunni Handverk 2000 sem haldin var að Hrafnagili í ágúst var Punkturinn með vinnusýningu að venju og var lögð aðaláhersla á að sýna gæðahandverk. Nokkur námskeið bættust við námskeiðaflóru Punktsins og má þar m.a. nefna silfursmíði. Punkturinn er kjörland þeim sem vilja vera í góðum félagsskap og kynnast ýmsum aðferðum við handverk. Fullljóst er orðið að Akureyringar kunna vel að meta þessa sjaldgæfu aðstöðu.

### Önnur mál

Auk fastra funda ÍTA sóttu ráðsmenn og starfsmenn þess fjölmarga fundi með ýmsum aðilum um íþrótta-, félags- og æskulýðsmál, auk þess að taka þátt í nefndarstörfum sem fjölluðu um afmörkuð svið á vegum ráðsins.

Íþrótta- og tómstundafulltrúi sat nokkra fundi sem verkefnisstjóri fyrir hönd Akureyrarbæjar í jafnréttisverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Með verkefninu var verið að leita leiða til að búa til módel til að auka þátttöku kvenna í félags-, íþrótta- og tómstundastarfi. Formlegri þátttöku í verkefninu lauk á árinu með ráðstefnu í Gautaborg þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar.

Akureyrarbær gerði rekstrarsamning við Skautafélag Akureyrar um rekstur Skautahallarinnar á Akureyri og hefur ÍTA eftirlit með þeim samningi. Þá sat íþrótta- og tómstundafulltrúi nokkra fundi stjórnar VMÍ en þar var aðallega rætt um bætta aðstöðu í Hlíðarfjalli og frekari uppbyggingu vetraríþrótta á Akureyri.

„Ungt fólk í Evrópu“ (UFE) er verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins sem miðar að því að koma á auknum kynnum meðal ungs fólks í Evrópu. Þetta er gert m.a. með styrkjum frá Evrópusambandinu til skipulagðra hópa ungs fólks sem vinna að ákveðnum samstarfsverkefnum innan Evrópu. Á síðastliðnum tveimur árum hefur verið starfandi ferðahópur sem samanstendur af unglingum frá Akureyri og Dalvík. Hópur þessi er hluti af fjölþjóðahóp sem hittist í Danmörku á árinu 1999 og átti að taka á móti samstarfshópum sínum á árinu en af því varð því miður ekkert þar sem ES breytti reglum um úthlutanir styrkja. Vonir eru bundnar við að hægt verði að taka á móti þessum hópum sumarið 2001.

# Tækni- og umhverfissvið

Á árinu voru gerðar töluverðar breytingar á tækni- og umhverfissviði sem m.a. fólust í því að skipuriti var breytt þannig að deildum var fækkað úr átta (fjórar yfirdeildir og fjórar undirdeildir) í tvær, umhverfisdeild og framkvæmdadeild, hvor með sinn deildarstjórann, og tekin upp verkefnabundin stjórnun. Einnig voru embætti byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra sameinuð í eitt, embætti skipulags- og byggingarfulltrúa, sem jafnframt er deildarstjóri umhverfisdeildar.

Undir umhverfisdeild falla skipulagsmál, byggingareftirlit, umferðarmál, LUKA og Staðardagskrá 21 ásamt náttúrverndarmálum. Undir framkvæmdadeild falla allar verklegar framkvæmdir bæjarins, ásamt umsjón með götum, holræsum, görðum, opnum svæðum, lystigarði og gróðrarstöð ásamt eignaumsýslu.

Einnig var samþykkt að áhaldahús bæjarins við Þórsstíg og Naustafjöru yrðu hluti af framkvæmdamiðstöð, sem verður á Rangárvöllum.

Auk þessa var nefndarskipaninni breytt þannig að settar voru þrjár nefndir/ráð yfir sviðið: Umhverfisráð hefur með skipulags- og byggingamál að gera, auk málefna slökkviliðs og strætisvagna. Framkvæmdarráð annast framkvæmdamál, umsjón með götum, holræsum, görðum og opnum svæðum, Lystigarði og ræktunarstöð. Þá hefur ráðið alla eignaumsýslu bæjarins á sinni könnu. Náttúrverndarnefnd annast málefni náttúruverndar skv. náttúverndarlögum, friðlýst svæði, skógrækt, gróðurvernd og Staðardagskrá 21.



# Framkvæmdadeild

## Götur, holræsi og hreinlætismál

Til nýframkvæmda á árinu var varið 201,7 milljónum króna (150,2 millj. 1999). Túngata var endurgerð með hita- og hellulögn, alls 1.280 fermetrar. Strandgata á milli Glerárgötu og Ráðhústorgs var endurbyggð og malbikuð og gangstéttir hellulagðar. Þá var Þórsstígur endurgerður og malbikaður. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 31.1 milljón króna.

Nýjar götur sem gerðar voru á árinu eru Baldursnes, Hafnargata, Gleráreyrar og Langholt. Þá var neðsti hluti Borgarbrautar færður til norðurs og gert hringtorg við Gleráreyrar ásamt framhjáhlaupum við Glerárgötu. Lengd nýrra gatna er samtals 1.130 metrar. Ennfremur var lögð ný fráveitulögn að Háskólanum á Akureyri. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð samtals 67,8 milljónir króna.

Kostnaður við skrifstofu bæjarverkfræðings, mælingar og kortagerð var samtals 48,3 milljónir króna.

### Malbikun

Hluti Baldursness og Freyjuness voru malbikaðir á árinu, ásamt Mýrarvegi, Hringteigi og Urðargili. Þá var lokið við malbikun gangstétta og gerð graseyja við ofantaldar götur. Lengd þessara gatna er samtals 1.330 metrar og varð kostnaður um 31,4 milljónir króna. Gangstéttir við Borgarbraut, vestan Kiðagils, ásamt ýmsum gangstéttum í Giljahverfi voru malbikaðar á árinu. Flatarmál þeirra er um 5.000 fermetrar og kostnaður nam um 12 milljónum króna.

Í malbikunarstöðinni voru framleidd 21.700 tonn af malbiki (15.250 tonn 1999).

### Fráveita

Til framkvæmda í fráveitumálum var varið 41 milljón króna (41,3 millj. 1999). Lokið var við byggingu dælustöðvar við Laufásgötu og hún tengd við fráveitukerfið. Hún var gangsett um miðjan ágúst og nam kostnaður 22,1 milljón króna.

Þá var unnið við aðveitulagnir að væntanlegri dælustöð við Silfurtanga en fyrirhugað er að taka hana í notkun árið 2001. Kostnaður varð um 18,5 milljónir króna.

### Viðhald gatna og holræsa

Til viðhalds gatna og holræsa var varið 32,6 milljónum króna, þar af 3,1 milljón vegna þjóðvegar. Slitlag var m.a. lagt á Bugðusíðu á milli Austursíðu og Teigasíðu, Borgarbraut vestan Hlíðarbrautar, Þingvallastræti (nyrstu akrein) vestan Mýrarvegar, Kaupvangsstræti efsta hluta og Hlíðarbraut á milli Hörgárbrautar og Austursíðu.

## Hreinlætismál

Til sorphreinsunar og sorpeyðingar var varið 59,9 milljónum króna, til gatna- og holræsahreinsunar 13,6 milljónum og til reksturs gámasvæðis 3,9 milljónum, eða samtals 77,4 milljónum króna.

Til reksturs skólpdælustöðva var samtals varið 3,4 milljónum króna.

## Snjómokstur og hálkuvarnir

Kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir nam 31 milljón króna á árinu (34,9 millj. 1999). Fyrri hluti ársins var fremur erfiður en seinni hluti þess eins og við má búast.

## Umferðarmál

Svonefnd Toronto-gangbrautarljós voru sett upp á Hlíðarbraut sunnan Borgarbrautar og á Borgarbraut við Bugðusíðu. Kostnaður varð um 0,6 milljónir króna. Framkvæmdum við svokallað „30 km hverfi“ í Innbæ var lokið á árinu að undanskildum lausum búnaði, og framkvæmdum við „30 km hverfi“ á Oddeyri lauk að mestu á árinu. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 8,6 milljónir króna.

# Umhverfismál, garðar og opin svæði

## Yfirstjórn

Umhverfisnefnd fór í umboði bæjarstjórnar með stjórn umhverfismála bæjarins þar til í júní, en þá tók nýtt skipulag nefnda á tækni- og umhverfissviði gildi. Verkefnum nefndarinnar var skipt á þrjár nefndir, þ.e. framkvæmdaráð, umhverfisráð og náttúruverndarnefnd, sem fyrr segir.

Skrifstofa umhverfisstjóra annast yfirstjórn og samræmingu starfseminnar innbyrðis og gagnvart öðrum deildum bæjarins. Rekstrarkostnaður var 11,9 milljónir króna.

## Almenningsgarðar og útivistarsvæði

Starfsemi Lystigarðs var með venjubundnum hætti á árinu. Unnið var að endurbótum á brekkum og stöllum í neðri hluta garðsins. Rekstrarkostnaður var 14,9 milljónir króna og 1,8 milljónum var varið til framkvæmda.

Lokið var við uppbyggingu Steinagerðisvallar og þar sett upp rennibraut. Plantað var 35.000 plöntum, aðallega í Eyrarlandsháls. Rekstrarkostnaður var 10,2 milljónir króna og 2,4 milljónum var varið til framkvæmda.

## Náttúru- og gróðurvernd - Staðardagskrá 21

Á árinu lagði náttúruverndarnefnd fram drög að markmiðum og framkvæmdaáætlun vegna verkefnisins Staðardagskrár 21. Unnið var að skipulagi verndarsvæða sem eru í umsjá nefndarinnar, auk sem gerðar voru ýmsar rannsóknir, m.a. á fuglalífi í óshólmum Eyjafjarðarár.

Haldið var áfram uppgræðslu á Glerárdal og hafist handa



við gerð heildaráætlunar um frágang efnistökusvæða í bæjarlandinu.

Akureyrarbær tók þátt í alþjóðlegri umhverfissamkeppni sveitarfélaga, „Nations in bloom“, og komst í úrslit keppninnar. Til þessara verkefna á vegum náttúrverndarnefndar var varið 2,7 milljónum króna.

## Opin svæði

Í daglegri hirðingu eru um 100 hektarar lands sem eru slegnir á 10-15 daga fresti. Plantað var um 70.000 plöntum, trjám, runnum og sumarblómum. Í ræktunarstöðinni voru framleiddar samtals um 60.000 plöntur. Viðamestu framkvæmdir deildarinnar voru við annan áfanga tjaldsvæðisins á Hömrum og við annan áfanga brekkunnar við Sigurhæðir en auk þess var unnið að öðrum smærri verkefnum í hverfum bæjarins.

Rekstrarkostnaður var 37,9 milljónir króna og til framkvæmda var varið 11,5 milljónum. Til bifreiða- og tækjakaupa var varið 3,9 milljónum króna.

Í daglegri umsjón deildarinnar eru 45 leiksvæði, 10 leikskólalóðir og 8 gæsluvellir, auk þess sem deildin annast eftirlit og viðhald á leiktækjum á skólalóðum. Viðamestu framkvæmdir deildarinnar voru nýtt leiksvæði við Vættagil og endurgerð leiksvæða við Hrísalund og Langholt. Rekstrarkostnaður var 8,7 milljónir króna og 3,1 milljón var varið til framkvæmda.

## Ýmis verkefni

**Unglingavinna** annast sumarvinnu fyrir 13 og 14 ára unglinga ásamt því að gangast fyrir ýmiss konar fræðslu og tómstundastarfi fyrir unglingana. Unglingavinnan hóf starfsemi 2. júní og komu 287 unglingar til vinnu. Mest af vinnu unglinganna fólst í hirðingu bæjarins undir stjórn 20 flokksstjóra. Rekstrarkostnaður var 21,6 milljónir króna.

**Sumarvinna fatlaðs skólafólks.** Í sérstökum vinnuflokki sem hafði aðsetur að Hömrum störfuðu 13 unglingar við ýmis verkefni á svæðinu. Auk þeirra störfuð 9 unglingar hjá ýmsum stofnunum bæjarins, s.s. leikskólum og Lystigarði. Rekstarkostnaður var 3,8 milljónir króna.

**Sumarvinna 16 ára unglinga** fólst aðallega í hirðingu bæjarins og vinnu hjá ýmsum félögum og stofnunum. Alls

komu 58 unglingar til vinnu sem er heldur færra en árið 1999. Rekstrarkostnaður var 7,3 milljónir króna.

Skólagarðar voru reknir á tveimur stöðum í bænum, þ.e við Eikarlund og Vestursíðu. Auk almennra ræktunarstarfa var boðið upp á ýmiss konar tómstundir, fræðslu og ferðalög. 100 börn voru skráð með garða sumarið 2000. Rekstrarkostnaður var 3,6 milljónir króna.

## Jarðeignir og dýraeftirlit

Meindýraeyðing og gæludýraeftirlit annast eftirlit og hreinsun gæludýra, auk eyðingu meindýra, Starfsemin var með hefðbundnum hætti á árinu og var rekstrarkostnaður 2,3 milljónir króna.

Jarðeignir og búfjáreftirlit annast umsjón með búfjárhaldi og leigulöndum bæjarins ásamt fjallgirðingu og fjallskilum, forðagæslu og vörnum gegn riðu. Haldið var áfram að girða leigulönd í bænum. Rekstrarkostnaður var 6,3 milljónir króna og til framkvæmda var varið kr. 1,1 milljón.

## Tjaldsvæði

Rekstur tjaldsvæðanna við Þórunnarstræti og að Hömrum er bundinn sérstökum samningi við Skátafélagið Klakk. Nýtt tjaldsvæði að Hömrum var formlega opnað 29. júní en þá var lokið framkvæmdum við 1. og 2. áfanga. Samtals voru gistinætur 23.600, þar af við Þórunnarstræti 16.800, á Hömrum 3.800 og í Kjarnaskógi 3.000. Til framkvæmda að Hömrum var varið 14 milljónum króna.



# Byggingaframkvæmdir

*Oddeyrarskóli - nýbygging.* Hafin var vinna við um 800 fermetra viðbyggingu við Oddeyrarskóla. Var framkvæmdin boðin út á vordögum og byggingin gerð fokheld á árinu, en verkinu á að vera að fullu lokið í ágúst 2001. Framkvæmt var á árinu fyrir um 70 milljónir króna.

*Lundarskóli - nýbygging.* Lokið var við að innrétta nýbygginguna á árinu auk þess sem unnið var í lóðinni og var því verki að mestu lokið á haustdögum. Kostnaður við verkið á árinu var um 50 milljónir króna.



*Giljaskóli - nýbygging.* Hafin var hönnun á lokaáfanga Giljaskóla, u.þ.b. 2.400 fermetra byggingu. Kostnaður á árinu var um 10 milljónir króna.

*Síðuskóli.* Í Síðuskóla var unnið við að laga eldvarnir auk þess sem lagðar voru tölvu- og símalagnir. Kostnaður við verkið var um 5 milljónir króna.

*Glerárskóli.* Í Glerárskóla var sett lyfta á milli kjallara og hæðar. Kostnaður við framkvæmdina var 2,5 milljónir króna.

*Brekkuskóli.* Í gamla Gagnfræðaskólahúsinu var unnið við eldvarnir. Sett var sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi í bygginguna tengt vaktstöð, byggingin brunahólfuð, sett björgunarop í allar kennslustofur og á allar hurðir að kennslustofum voru settar reykpakkningar og felliþröskuldar. Þá voru gerðar ýmsar breytingar á neðstu hæðinni. Ennfremur var byrjað að undirbúa að setja nýtt loftræsikerfi í kennslustofur. Kostnaður á árinu var 10 milljónir króna.

*Tónlistaskóli.* Sl. sumar var Náttúrugripasafnið flutt af neðstu hæð skólans og rýmið innréttað fyrir slagverkskennslu. Kostnaður nam 2,5 milljónum króna.

*Leikskólinn Iðavöllur.* Á árinu var nýbygging á lóð leikskólans Iðavallar boðin út í alverktöku. Verkið hófst um miðjan apríl og mun leikskólinn taka til starfa í nýja húsnæðinu 2. apríl 2001. Framkvæmt var á árinu fyrir um 75 milljónir króna.

*Leikskólinn Lundarsel.* Í Lundarseli var hluti af kjallaranum innréttaður sem starfsmannaaðstaða. Jafnframt var eldri starfsmannaaðstöðu á hæðinni breytt í leikrými og hvíldaraðstöðu barna. Ennfremur var skrifstofa leikskólastjóra stækkuð, starfsmannasnyrting og snyrting fyrir fatlaða endurbætt og breytingar gerðar á eldhúsi og búri. Við þessar breytingar fjölgaði leikskólarýmum um 9. Kostnaður við verkið var 5 milljónir króna.

*Leikskólarnir Flúðir og Kiðagil.* Við leikskólana voru á árinu settar tvær færanlegar leikstofur. Keyptir voru fokheldir sumarbústaðir og þeir innréttaðir sem leikstofur með snyrtingum, fatastofum og því sem tilheyrir heimastofu á leikskólum. Við þetta fjölgaði leikskólarýmum í þessum stofnunum um alls 35. Kostnaður við framkvæmdina var 21 milljón króna.

*Þjónustumiðstöð við Víðilund.* Í kjöllurum íbúðarhúsa aldraðra við Víðilund var innréttuð aðstaða fyrir starfsfólk við heimahjúkrun og einnig fönduraðstaða fyrir notendur þjónustumiðstöðvarinnar. Auk þessa voru framkvæmdar ýmsar endurbætur á þjónustumiðstöðinni. Kostnaður við verkið var um 12 milljónir króna.

*Sundlaug Akureyrar.* Á árinu var unnið við að einangra og múra eldra húsið að utan, setja nýja glugga og glerja, endurnýja búningsklefa karla og sundlaugarsal, ásamt endurnýjun aðkomu og breytingum í fjölskyldugarði. Kostnaður nam samtals um 81,6 milljónum króna.

*Ketilhúsið.* Á árinu var unnið við frágang lóðar ásamt breytingum á 1. hæð hússins, samtals fyrir um 9,7 milljónir króna.

*Amtsbókasafnið.* Á árinu var unnið að fullnaðarhönnun viðbyggingar við Amtsbókasafnið og breytinga í eldra húsi (viðbygging 1.442 fermetrar, eldra hús 1.143,8 fermetrar). Til þessara verka var varið 13,4 milljónum króna.

*Önnur verkefni.* Auk ofangreindra verka voru í umsjón byggingadeildar ýmis viðhaldsverkefni í skólum, leikskólum, Samkomuhúsi, söfnum og leiguíbúðum í eigu Akureyrarbæjar.

## Bifreiðastæðasjóður

Sérmerkt stæði til fastrar mánaðarleigu eru nú 15 austan Skipagötu og 4 vestan Hólabrautar. Spurn eftir þessum stæðum hefur verið á bilinu 12 til 14. Gjaldskyldum stæðum var fjölgað um 10 á árinu. Gerð voru 6 gjaldskyld stæði við Túngötu sunnan Bankastígs og 4 stæði við Strandgötu vestan Geislagötu. Gjaldskyld stæði í árslok voru því 212 (202 árið 1999). Tekjur voru 17,1 milljón króna. Engar framkvæmdir voru við gerð bifreiðastæða á árinu (1999: 5,8 millj.).

## Slökkvilið Akureyrar

Á árinu var 131 útkall hjá Slökkviliði Akureyrar, þar af 11 utanbæjar á svæði Brunavarna Eyjafjarðar. Árið áður voru útköllin 113 talsins, þar af 9 utanbæjar. Stærstu brunatjónin voru þegar kviknaði í húsnæði Endurvinnslunnar þann 5. mars og í Vídeóleigunni í Sunnuhlíð 10. janúar. Ekkert manntjón varð í bruna á árinu.

Sjúkraútköll voru alls 1.266 á árinu, þar af 212 utanbæjar en voru 1.193, þar af 197 utanbæjar, árið áður. 75 sjúkraflutningar voru út fyrir svæði heilsugæslustöðvarinnar, mest flutningar á milli stofnana. Af 1.266 sjúkraútköllum voru 314 bráðatilfelli (279 árið áður). 12 sinnum var björgunarbíllinn (klippubíll) kallaður út og þar af var hann notaður 9 sinnum eftir umferðarslys, mest utanbæjar.

Á árinu fóru sjúkraflutningsmenn í 179 sjúkraflug (106 árið áður), aðallega með flugvélum Flugfélags Íslands, þar af 168 (100) innanlands og 11 (6) erlendis.

Eldvarnaeftirlitið framkvæmdi um 140 skoðanir á árinu. Með nýrri byggingareglugerð hefur svokölluðum lokastöðuúttektum fjölgað en þær eru gerðar með starfsmanni byggingafulltrúa. Einnig er mikið um skoðanir vegna leyfisveitinga svo sem á veitinga- og gistihúsum.

Í desember var eldvarnafræðsla fyrir öll börn í 3. bekk í grunnskólum Akureyrar þar sem farið var yfir þær hættur sem eldur getur skapað. Alls sóttu um 80 starfsmenn fyrirtækja og stofnana fræðslu um meðferð handslökkvitækja og rétt viðbrögð við eldsvoða.

Þann 9. nóvember var undirritaður samningur við Flugmálastjórn um að Slökkvilið Akureyrar tæki að sér rekstur slökkviliðs á Akureyrarflugvelli frá og með áramótunum 2000/2001. Í samningum felst að SA yfirtekur rekstur slökkvistöðvar á flugvellinum, auk þess sem SA tekur að sér fræðslu og þjálfun flugvallavarða á 14 áætlunarflugvöllum á landsbyggðinni.

## Strætisvagnar Akureyrar og ferliþjónusta

Um áramótin 1999-2000 var tekið í notkun nýtt leiðakerfi sem var hannað í samræmi við niðurstöður könnunar sem framkvæmd var af Rekstri og ráðgjöf og Háskólanum á Akureyri. Helstu breytingar eru þær að ferðum um helgar er fækkað, þjónustutími styttur, og ferðir inn í Kjarnaskóg lagðar af, en þangað var ekið mánuðina júní, júlí og ágúst. Með þessum breytingum var hægt að fækka vögnum um einn og minnka akstur um 90.000 kílómetra á ári, eða um 27%. Þjónustutími við sömu breytingu minnkaði um 2.675 klukkustundir.

Farþegar á árinu voru um 200.000 sem er 31% fækkun á milli ára. Fækkunin verður aðeins að hluta rekin til minni þjónustu, þar sem minnst notuðu leiðirnar voru felldar niður. Heildaraksturvegalengd vagna var um 240.000 kílómetrar.

Í febrúar var gengið frá kaupum á tveimur strætisvögnum af Ikarus-gerð og var fyrri vagninn afhentur í október og seinni vagninn í desember. Vagnarnir eru mun minni en þeir sem hafa verið í notkun hingað til og því heppilegri í umferðinni, auk þess sem rekstrarkostnaður mun lækka. Samfara kaupunum var einn af eldri vögnunum seldur.

Ferðir ferliþjónustu á árinu voru um 14.000, sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Þar af voru aðkeyptar ferðir um 1.000.

Rekstrarkostnaður ársins nam 35,9 milljónum króna, sem er 12,6% hærra en gert var ráð fyrir í áætlunum. Frávik eru einkum rakin til hækkunar olíuverðs auk launahækkana vagnstjóra og varahlutakaupa vegna nýju vagnanna, en þau eru skráð á rekstur.

# Umhverfisdeild

## Aðalskipulag

Tvær breytingar voru gerðar á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018. Gengið var frá aðalskipulagsbreytingum vegna byggingar verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs. Hin breytingin var sú að ný athafnalóð við Langholt var stækkuð, en sú breyting taldist minni háttar breyting vegna lóðarstækkunar.

## Deiliskipulag

Áfram var unnið að heildarskipulagi Naustahverfis og var rammaskipulag lagt fram og samþykkt á árinu. Á árinu var gengið frá deiliskipulagi af gamla iðnaðarsvæði Sambandsins. Lóðinni var skipt upp og á hluta hennar byggt verslunarhúsið Glerártorg. Gerðar voru breytingar á útfærslu gatnamóta Gleráreyra og Borgarbrautar með færslu Borgarbrautar og tilkomu nýs hringtorgs til þess að auðvelda aðkomu að vestari hluta iðnaðarsvæðisins.

Samþykkt var deiliskipulag vegna bílgeymslna í suðurhluta Mýranna, fyrir hafnarsvæðið í Krossanesi, auk nýrrar athafnalóðar við Langholt samhliða minni háttar breytingum á aðalskipulagi. Þá voru samþykktar tillögur að nýrri útfærslu Göngugötunnar, Ráðhússtorgs og Skátagils.

Unnið var að eftirfarandi deiliskipulagsverkefnum, sem ekki tókst þó að ljúka á árinu: Deiliskipulag vegna svifbrautar í Hlíðarfjalli, deiliskipulag Klettaborgar, deiliskipulag íbúðabyggðar við Lindarsíðu, deiliskipulag hesthúsahverfanna í Breiðholti og Hlíðarholti, deiliskipulag fiskihafnar og svæðisins að Glerá, auk þess sem afmörkuð var lóð fyrir orlofshúsabyggð í Búðargili í samræmi við aðalskipulag og kynntar voru deiliskipulagshugmyndir lóðarhafa um uppbyggingu á svæðinu. Einnig var unnið að minni háttar frávikum og breytingum á deiliskipulagi á nokkrum svæðum.

## Umferðarmál

Á árinu var framkvæmdum við „30 km hverfi“ í íbúðabyggðinni á Oddeyri lokið. Mælingar sýna að aðgerðin skilaði árangri, sérstaklega hvað snertir þá sem hraðast aka og eru þar af leiðandi hættulegastir í umferðinni. Markmið umhverfisráðs er það að í framtíðinni verði öll íbúðahverfi „30 km hverfi“.

Áfram var unnið við endurhönnun göngugötunnar og Skátagils með það að markmiði að bæta umhverfi miðbæjarins. Einnig var unnið að hönnun og útfærslu ýmissa þátta bæjarumhverfisins, almennra rýma, gangstétta og torga, í samvinnu við hönnunar- og mælingadeild bæjarins sem að öðru leyti sér um tæknilega hönnun og undirbúning framkvæmda.

Umhverfisráð stóð eins og undanfarin ár fyrir umferðarfræðslu 5-6 ára barna í samvinnu við Umferðarráð og lögreglu.

Allar auglýstar skipulagsbreytingar eru nú kynntar á vefsíðu Akureyrarbæjar og þar er hægt að skoða tillöguuppdrætti og greinargerðir. Á vefsíðunni er einnig að finna þá deiliskipulagsuppdrætti, sem unnir hafa verið á tölvutæku formi undanfarin ár svo og Aðalskipulag Akureyrar, bæði uppdrætti og greinargerð. Þessar upplýsingar er að finna á vefsíðunni undir: Umhverfi, skipulagsmál.



## Byggingaeftirlit

Starfsemi embættisins byggingafulltrúa var með hefðbundnu sniði á árinu, auk þess sem unnið var eftir reglugerð um afgreiðslu byggingafulltrúa í reynslusveitarfélögum, og var innan ramma fjárhagsáætlunar.

Bygginganefnd og byggingafulltrúi fjölluðu um 152 mál á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí. Þar af hafði byggingafulltrúi með 52 mál að gera, eða 34,2%. Ef miðað er við afgreidd mál án lóðarumsókna afgreiddu bygginganefnd og byggingafulltrúi samtals 107 mál, þar af voru mál afgreidd af byggingafulltrúa 52 eða 48,6%.

Þann 1. júní voru skipulagsdeild og skrifstofa byggingafulltrúa sameinaðar í nýja deild, umhverfisdeild, og skipulagnefnd og bygginganefnd sameinaðar í umhverfisráð. Umhverfisráð og byggingafulltrúi fjölluðu um 451 mál frá 1. júní til áramóta. Þar af hafði byggingafulltrúi með 214 mál að gera, eða 47,5%. Ef miðað er við afgreidd mál án lóðarumsókna afgreiddu umhverfisráð og byggingafulltrúi samtals 388 mál, þar af voru mál afgreidd af byggingafulltrúa 214 eða 55,1%.

Skráðar úttektir sem farið var í á byggingarstaði voru 884 á árinu, samanborið við 893 árið 1999, og eru þá ótaldar óskráðar skoðanir, stöðu- og lokaúttektir.

## Tafla 9 - Erindi bygginganefndar og umhverfisráðs flokkuð eftir tegundum

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi bókaðra mála hjá bygginganefnd | 99 | 257 | 159 | 337 |
| - þar af lóðarumsóknir | 39 | 181 | 97 | 108 |
| Fjöldi bókaðra mála afgreidd af byggingafulltrúa | 157 | 152 | 289 | 266 |
| Fjöldi starfsmanna | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Fjöldi mála hjá Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra | 16 | 7 | 18 | 20 |
| Fullgerðar íbúðir | 52 | 80 | 84 | 58 |
| Hafin smíði nýrra íbúða | 104 | 59 | 151 | 65 |
| Úttektir | | 641 | 893 | 884 |

Í tölum fyrir árið 2000 eru teknar saman upplýsingar fyrir bygginganefnd og umhverfisráð.

## Tafla 10 - Yfirlit yfir byggingarstig íbúðarhúsnæðis á árinu 2000

| | Samtals íbúðir | Einbýli | Íbúðir í raðhúsum | Íbúðir í fjölbýli |
|---|---|---|---|---|
| Hafnar framkvæmdir | 65(151) | 11(6) | 23(34) | 31(111) |
| Fullgert á árinu | 58(84) | 1(4) | 10(30) | 47(50) |
| Fokhelt á árinu | 54 | 10 | 38 | 97 |
| Í smíðum í árslok | 202 | 29 | 61 | 112 |
| Hafin smíði við íbúðab., bílg., sólskála og viðbyggingar | 9.315m$^3$ | 30.582 m$^3$ | | |

Tölur innan sviga eru frá fyrra ári.

## Tafla 11 - Yfirlit yfir byggingarstig íbúðarhúsnæðis 1990-2000

| | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í byggingu á árinu | 303 | 256 | 325 | 247 | 198 | 184 | 181 | 202 | 209 | 279 | 260 |
| Fokhelt í árslok | 81 | 114 | 119 | 101 | 70 | 62 | 51 | 87 | 77 | 78 | 150 |
| Ekki fokh. í árslok | 94 | 45 | 75 | 54 | 47 | 54 | 47 | 63 | 51 | 117 | 52 |
| Fullgert á árinu | 128 | 43 | 132 | 92 | 81 | 74 | 83 | 52 | 80 | 84 | 58 |
| Fjöldi íbúða sem byrjað var á árinu. | 108 | 81 | 112 | 53 | 43 | 67 | 65 | 104 | 59 | 151 | 65 |

## Tafla 12 -Yfirlit yfir stöðu framkvæmda við atvinnu- og þjónustuhúsnæði árið 2000

| Tegund | m$^2$ | m$^3$ |
|---|---|---|
| Landbúnaður | 90 | 277 |
| Fiskiðnaður | 110 | 373 |
| Vörugeymslur/geymar | 108 | 360 |
| Vinnsla búsafurða | 0 | 0 |
| Iðnaður | 3.621 | 17.090 |
| Verslun | 12.004 | 74.329 |
| Veitinga- og gistihús | 0 | 0 |
| Verslun/iðnaður | 1.448 | 6.967 |
| Verslun/skrifstofur | 0 | 0 |
| Skrifstofuhúsnæði | 0 | 0 |
| Önnur þjónustustarfsemi | 419 | 1321 |
| Félagsleg starfsemi | 0 | 0 |
| Opinber starfsemi | 2.607 | 11.225 |
| **Samtals** | **20.407** | **111.942** |



# Norðurorka

Fjárhagsleg afkoma Hita- og Vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar var í góðu samræmi við áætlanir og ekki urðu sérstök áföll í rekstri. Gengisþróun var óhagstæð hvað skuldir í erlendri mynt varðar og aukin verðbólga hafði einnig neikvæð áhrif á skuldir í íslenskum krónum. Þrátt fyrir þetta eru lán þau sem á veitunni hvíla afar hagstæð hvað vexti og annan kostnað varðar og ekki eru miklar líkur á að þeim sé hægt að breyta til bóta.

Tekjur veitnanna hækkuðu lítillega miðað við árið 1999. Gjaldskrá hitaveitu var óbreytt frá fyrra ári en gjaldskrá vatnsveitu var lækkuð í upphafi árs úr 0,16% í 0,13% af álagningarstofni. Gjaldskrá rafveitu var hækkuð um 3,16% þann 1. júlí og var það gert til að mæta hækkun á innkaupsverði raforku frá Landsvirkjun og hafði ekki áhrif til hækkunar á nettótekjur rafveitunnar. Rekstrargjöld önnur en afskriftir voru í heild lægri en áætlað hafði verið.

Tekjur Rafveitu Akureyrar voru 502,3 milljónir króna en rekstrargjöld 505,4 milljónir en þar af voru afskriftir 62,8 milljónir. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 2,7 milljónir króna og rekstrartap nam 0,3 milljónum króna. Handbært fé frá rekstri nam 95 milljónum króna og eignir í árslok voru alls 1.170,2 milljónir króna.

Aukning varð á sölu rafmagns til þjónustufyrirtækja og iðnfyrirtækja. Hins vegar dró úr sölu rafmagns til upphitunar húsa. Í heildina óx rafmagnssala um 2,54% á árinu. Kaup á raforku frá Landsvirkjun námu 135.946 GWh, þar af var ótryggt rafmagn 42,961 GWh. Kaup á raforku frá Stáltaki hf. nam 0,12 GWh og eigin framleiðsla nam 0,34 GWh.

Tekjur Hita-og Vatnsveitu Akureyrar voru 672 milljónir króna á árinu og rekstrargjöld 527,3 milljónir. Þar af voru afskriftir 327,4 milljónir. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 129,3 milljónir króna og hagnaður nam 15,5 milljónum. Handbært fé frá rekstri var 365 milljónir króna og eignir í árslok námu 2.727,3 milljónum.

Skuldir veitunnar fara lækkandi og hafa áætlanir í skuldamálum gengið eftir þannig að framundan eru góðir tímar þó svo að skynsamlegt kunni að vera að fresta miklum lækkunum orkuverðs og greiða þess í stað skuldir hraðar niður.

Eimveitan, sem framleiðir gufu fyrir Skinnaiðnað hf. og hefur verið í eigu HVA síðan 1996, var seld Skinnaiðnaði á haustdögum þar sem fyrirtækið var þá hið eina sem keypti gufu af Eimveitunni.

## Sameining

Þegar húsnæði Rafveitu Akureyrar við Þórsstíg var selt á árinu 1999 var ákveðið að flytja starfsemi Rafveitunnar á athafnasvæði Hita- og Vatnsveitu við Rangárvelli og voru byggingaframkvæmdir hafnar þá þegar. Framkvæmdadeild rafveitunnar var flutt að Rangárvöllum á árinu 1999 og stefnt að flutningi annarra deilda þann 1. september 2000.

Í framhaldi af því var síðan ákveðið að flytja framkvæmda- og umhverfisdeild bæjarins að Rangárvöllum. Jafnframt var ákveðið að stofna eignarhaldsfélag um fasteignir á Rangárvöllum og á Norðurorka 95% í því félagi. Norðurorka leigir síðan það húsnæði sem veitan þarf af félaginu og sama gera aðrir þeir sem á svæðinu eru og verða.

Á fundi þann 7. mars 2000 samþykkti bæjarstjórn bókun stjórnar veitustofnana frá 21. febrúar 2000 svohljóðandi:



„Veitustjórn leggur til við bæjarstjórn að hafinn verði undirbúningur að því að sameina orkufyrirtæki Akureyrarbæjar og taki sameiningin gildi 1. janúar 2001“. Í framhaldi af þessu var Franz Árnason, hita-og vatnsveitustjóri, ráðinn til að veita hinu nýja fyrirtæki forstöðu og honum falið að undirbúa sameininguna. Einnig var ákveðið að hann tæki við stjórn rafveitu frá 1. ágúst 2000 þó að fjárhagsleg sameining kæmi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2001.

Svanbjörn Sigurðsson, rafveitustjóri, hvarf þann 1. ágúst sl. til annarra starfa hjá Akureyrarbæ og eru honum þökkuð áratuga farsæl störf fyrir Rafveitu Akureyrar.

Ekki urðu aðrar mannabreytingar vegna sameiningarinnar þó að ýmsir starfsmenn fyrirtækjanna sem sameinuðust fengju breytt hlutverk samkvæmt skipuriti hins nýja fyrirtækis sem hlotið hefur nafnið **Norðurorka**. Tveir starfsmenn höfðu áður en sameining var ákveðið að láta af störfum vegna brottflutnings og einn starfsmaður lét af störfum á árinu vegna aldurs. Þá lést Svanberg Árnason lagerstjóri, langt um aldur fram, þann 27. desember sl. Ekki hefur verið ráðið starfsfólk í stað þeirra sem hætt hafa og gert er ráð fyrir að starfsfólki fækki fremur en hitt í framtíðinni.

Flutningi rafveitu að Rangárvöllum var að fullu lokið í september sl. Hið nýja skrifstofuhús Norðurorku var formlega tekið í notkun í október.

## Viðhald

Unnið var að viðhaldi samkvæmt áætlunum og bilanir koma ávallt upp. Gert var við 30 bilanir í heitavatnskerfum, 80 bilanir í rafkerfi og 57 bilanir í vatnsveitukerfi. Viðhald dælubúnaðar hitaveitu er ávallt nokkurt og eru djúpdæluskipti viðvarandi og kostnaðarsamur liður. Aðrar dælur í kerfunum þurfa einnig sitt viðhald. Sama má segja um spennastöðvar rafveitu svo og ljósastaura. Greinibrunnar hitaveitukerfis og brunahanar vatnsveitu þurfa stöðugt viðhald.

# Heitavatnsöflun

Þrátt fyrir að vatnsbúskapur hitaveitu hafi batnað nokkuð á síðustu árum, þarf að halda áfram leit að heitu vatni, einkum ef fólki fjölgar og upphitað húsrými eykst svipað og verið hefur síðustu árin á veitusvæði Norðurorku.

Boraðar voru nokkrar grunnar rannsóknaholur sem og nokkrar dýpri á árinu. Einkum var borað við Sigtún í Eyjafjarðarsveit og við Laugaland á Þelamörk. Verktaki við þessar boranir var Alvarr ehf. Í framhaldi af þessum borunum var ákveðið að bora djúpar rannsókna- og vinnsluholur á framangreindum stöðum. Samið var við Jarðboranir hf. um boranirnar.

Borhola STS-16 á Sigtúnum var boruð með bornum Sleipni niður á 1.000 metra dýpi en vegna hruns í holunni var hætt við frekari borun í bili. Verulegur hiti mældist í holunni en of snemmt er að fullyrða að það stafi af návist umtalsverðs magns af heitu vatni. Holan nýtist vel til mælinga, hvað varðar rannsóknir á tengslum við önnur jarðhitasvæði, einkum Laugalandssvæðið.

Borhola LÞNS-10 á Laugalandi á Þelamörk, sem Jarðboranir hf. boruðu fyrir veituna 1992 með bornum Narfa niður á 914 metra dýpi, var dýpkuð og skáboruð með bornum Sleipni niður á 1.700 metra. Árangur af boruninni var það góður að ákveðið var að fóðra holuna niður á 400 metra dýpi og virkja hana síðan. Byggð voru dæluhús og jöfnunartankur og komið var fyrir dælu á 250 metra dýpi í holunni. Lagðar voru lagnir frá dæluhúsinu í dælustöð. Þegar virkjað var á Laugalandi 1994 var byggð dælustöð og lögð aðveituæð til bæjarins. Þessi mannvirki voru við það miðuð að flytja mætti frá svæðinu til Akureyrar allt að tvöfalt það vatnsmagn sem fannst við boranir á árunum 1989-1992. Dæling úr nýju holunni hófst í nóvember og hefur verið dælt um 20 l/s af 103°C heitu vatni að meðaltali úr henni síðan. Þessi vatnshiti er meiri en áður hefur fundist í Eyjafirði og hærri en búist var við. Það ásamt meira vatnsmagni gefur vonir um að vinna megi á svæðinu a.m.k. 80% meiri orku en áður. Þetta bætir heildarorkuöflun hitaveitunnar um 6-7%.

Vinnsla úr öðrum svæðum var með svipuðu sniði og undanfarin ár auk þess sem niðurdæling bakrásarvatns í jarðhitasvæðið að Laugalandi var haldið áfram. Heildarniðurdæling ársins var 495.000 rúmmetrar sem er um 12,5% þess vatnsmagns sem dælt var upp úr vinnslusvæðum veitunnar á árinu.

Orkustofnun annaðist að vanda ýmsar rannsóknir, bæði í tengslum við boranir og annað svo sem jarðfræðikortagerð sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Heildarrannsókna- og borkostnaður var rúmar 96 milljónir króna sem kann að þykja mikið en ef væntingar um orku úr borholu LÞNS-10 standast er um mjög ódýra virkjun að ræða.

Myndrit 10 - Norðurorka • Hitaveita




# Framkvæmdir við dreifikerfi

Vegna framkvæmda við nýja verslunarmiðstöð á Gleráreyrum þurfti að byggja nýja aðaldælustöð fyrir bakrásarvatn þar sem ekki náðist samkomulag um að hafa gömlu stöðina þar sem hún var á Gleráreyrum. Dælustöð þessi dælir vatni frá neðra kerfi veitunnar upp í kyndistöð við Þórunnarstræti og er nauðsynlegur hlekkur í orkuöflunarkerfi hitaveitunnar. Vegna lagna í jörð, sem eru takmarkandi fyrir staðsetningu stöðvarinnar, var eini staðurinn sem til greina kom fyrir hina nýju dælustöð á horni Glerárgötu og Þórunnarstrætis. Þar sem stöðin er á áberandi stað var ákveðið að vekja athygli á henni með sérstæðu byggingarlagi og geta vegfarendur séð inn viði hennar í gegn um stóra glugga. Dælustöðin er teiknuð af Gísla Kristinssyni arkitekt hjá arkitektastofunni Arkitektur.is. Þessi framkvæmd var mjög kostnaðarsöm, einkum vegna mikils flutnings á lögnum er tengja dælustöðina við bakrásarkerfi Miðbæjar, Oddeyrar og neðri hluta Glerárhverfis. Heildarkostnaður við framkvæmdina varð rúmar 18 milljónir króna og er tæplega helmingurinn vegna breytinga á lagnakerfum. Þetta var stærsti einstaki kostnaðarliður við dreifikerfin.

Framkvæmdir í dreifikerfi hitaveitu voru verulegar. Haldið var áfram með 150/125 mm stofnlagnir hitaveitu í Nesjahverfi en gert er ráð fyrir að allt hverfið tengist við bakrásarkerfi veitunnar. Unnið var við tengingar húsa í Gilja- og Teigahverfi. Hitaveitukerfið lengdist um 4.687 metra og vatnsveitukerfið um 4.398 metra. Settir voru upp 7 nýir brunahanar. Kostnaður við viðbætur hitaveitudreifikerfis, fyrir utan kostnað vegna dælustöðvar á Gleráreyr-

um, varð rúmar 22 milljónir króna. Kostnaður við nýframkvæmdir í vatnsveitukerfi varð 16,5 milljónir króna. Tengd voru 83 hús, flest við öll veitukerfin.

Helstu framkvæmdir í raforkudreifikerfinu voru vegna bygginga á nýjum hverfum í bænum, Teigahverfi og Nesjahverfi. Þá þurfti að færa spennistöð vegna byggingar Glerártorgs og setja upp aðra spennistöð fyrir húsið. Endurnýjaðir voru gamlir háspennustrengir á Eyrinni. Í götuljósakerfinu var haldið áfram að endurnýja ljósker og sett ljósker með gulri birtu sem nota minni orku, en þau sem fyrir eru, fyrir sama ljósmagn. Rafveitukerfið lengdist um 376 metra, settir voru upp 73 nýir ljósastaurar og 2 nýjar spennistöðvar. Viðbætur dreifikerfis rafveitu kostuðu tæpar 56 milljónir króna.

## Gæðakerfið

Alhliða uppbygging gæðakerfis fyrir Norðurorku hófst í október 2000. Bæði Hita- og Vatnsveita Akureyrar og Rafveita Akureyrar voru með gæðakerfi. Vinnan felst í því að samræma þessi kerfi og breyta þeim þannig að þau henti nýju sameinuðu fyrirtæki. Innbyggt í gæðakerfin eru öryggisstjórnunarkerfi rafveitu og Gámes-eftirlitskerfi vatnsveitu. Öryggisstjórnunarkerfi rafveitu er til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja og fullnægjandi stjórn á rekstri þeirra. Í öryggisstjórnunarkerfinu eru kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu. Löggildingarstofa annast skoðun á öryggisstjórnunarkerfinu. Skoðun á vegum stofnunarinnar fór fram á kerfi rafveitu 5. og 6. desember og reyndist það í góðu lagi.

Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og þarf m.a. að uppfylla reglugerðir um innra eftirlit. GÁMES stendur fyrir kerfisbundið innra eftirlit sem byggir á greiningu áhættu og mikilvægra eftirlitsstaða. HVA fékk staðfestingu frá Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar 16. desember 1998 um að fyrirtækið fullnægði kröfum Gámes-eftirlitskerfisins. Eftirlitið felst fyrst og fremst í að fara með reglulegu millibili og fylgjast með vatnsverndarsvæðum, lindum/borholum, dælustöðvum, lögnum og vatnsgeymum. Þá eru tekin sýni kerfisbundið úr aðveitu- og dreifikerfi og þau greind til að fylgjast með ástandi vatnsins. Eftirlitið hefur gengið vel frá upphafi og veitt tryggingu fyrir því að íbúar Akureyrar og nágrennis eru að fá sérlega heilnæmt og gott neysluvatn.

## Eignarhaldsfélagið Rangárvellir

Í árslok 1999 var stofnað Eignarhaldsfélagið Rangárvellir. Eigendur félagsins eru Norðurorka með 95% hlut og bæjarsjóður Akureyrar með 5% hlut. Stofnfé félagsins var 181 milljón króna. Félagið keypti allar fasteignir HVA á Rangárvöllum og sér um nýbyggingar á lóð sinni við Rangárvelli. Þá sér félagið um allt viðhald húsa og lóðar á Rangárvöllum, þrif á húsnæði, annast sorphreinsun og rekur mötuneyti starfsmanna.

Árið 2000 var mikið framkvæmdaár hjá eignarhaldsfélaginu. Lokið var við að byggja nýjar skrifstofur fyrir Norðurorku, alls 621 fermetra. Eldra húsnæði var breytt þar sem meðal annars var gerð ný starfsmannaaðstaða fyrir sameiginlegt fyrirtæki, mötuneyti stækkað og nýtt eldhús innréttað. Þá var tengigangur milli eldra húss og nýbyggingar endurbyggður og innréttað rými fyrir viðhaldsdeild Akureyrarbæjar, sem flutti aðstöðu sína að Rangárvöllum.

Utanhúss var gengið frá gangstéttum og bílastæðum við nýbygginguna og lagður nýr vegur frá Hlíðarfjallsvegi að nýju skrifstofunum auk þess sem unnið var að nauðsynlegu viðhaldi mannvirkja. Ennfremur var skjólbelti plantað á norður- og austurmörk lóðar. Alls var framkvæmt á vegum Eignarhaldsfélagsins Rangárvalla fyrir um 107 milljónir króna á árinu.

**Myndrit 11 - Norðurorka • Rafveita**
Raforkukaup 2000 • Forgangsorka 93000 MWh - Ótryggt




**Myndrit 12 - Norðurorka • Vatnsveita**
Kaldavatnsöflun 2000



# Atvinnumálanefnd

Atvinnumálanefnd fjallar um atvinnumál á Akureyri í umboði bæjarstjórnar. Nefndinni er ætlað að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf á Akureyri, veita upplýsingar um þróun, stöðu og horfur í atvinnumálum bæjarins og taka þátt í umræðum um atvinnumál af hálfu bæjarins. Hlutverk atvinnumálanefndar er einnig að móta stefnu Akureyrar í atvinnumálum.

Atvinnumálanefnd er með samning við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar um að félagið taki að sér að annast allan daglegan rekstur fyrir atvinnumálanefnd Akureyrar.

## Stefnumótun í atvinnumálum

Eitt brýnasta verkefni bæjarstjórnar er að styrkja atvinnulífið á Akureyri. Til þess að efla atvinnulíf á markvissan hátt lagði atvinnumálanefnd fram stefnu í atvinnumálum til næstu fimm ára í upphafi ársins 1999. Markmið stefnumótunarinnar er að greina leiðir til að efla atvinnulíf og gera aðgerðaáætlun um framkvæmd slíkra leiða í því skyni að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á Akureyri.

Akureyrarbær er að snúa vörn í sókn á öllum sviðum mannlífsins. Vel uppbyggt grunnnet, þ.e. samgöngur, skólar, heilsugæsla og opinber þjónusta, leiðir af sér öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, hækkandi íbúatölu og aukna velferð íbúanna sem og sterkara samfélag.

Atvinnumálanefnd endurskoðar stefnumótunina árlega með tilliti til breytts umhverfis og þess árangurs sem náðst hefur og leggur endurskoðaða stefnumótun fyrir bæjarstjórn í janúar ár hvert.

## Staða forgangsverkefna

Staða forgangsverkefna sem unnið var að á árinu 2000 er eftirfarandi:

### Verkefni 1 - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY)

